



-Hólmur í mynni Laxárdals-

II

(skrár endurgerðar)

Skýrsla yfir fornleifarannsókn á fornbylinu Hólmi og kumli í
mynni Laxárdals, Austur Skaftafellssýslu,
26. júní t. o. m. 18. júlí 1997.

© Bjarni F. Einarsson



Reykjavík 1998.

Efnisyfirlit

1	Formáli.....	4
2	Tilgangur rannsókna	4
3	Örnefni og staðhættir	5
4	Aðdragandi	6
5	Hólmsfundurinn og önnur kuml í sýslunni.....	6
6	Rannsókn á kumlinu og umhverfi þess 1997.....	10
	6.1 Uppgröfturinn	10
	6.1.1 Jarðlög í kumli og skurðum	10
	6.1.2 Skurður 1	11
	6.1.3 Skurður 2	11
	6.1.4 Skurður 3	11
	6.2 Kumlið	11
	6.3 Prufuholur	12
	6.3.1 Jarðlög	12
	6.3.2 Prufuhola 1. X 295,6 Y 294.....	14
	6.3.3 Prufuhola 2. X 295,4 Y 295,4.....	14
	6.3.4 Prufuhola 3. X 296 Y 302.....	14
	6.4 Gripir í kumli og á kumlastæði	15
	6.5 Greiningar	17
	6.5.1 C-14 greining.....	17
	6.5.2 Athugun á jarðvegssýni	18
	6.5.3 Greining á beinum	18
	6.6 Niðurstaða af rannsókninni á kumlstæðinu og umræða.....	19
7	Rannsókn á fornbylinu Hólmi 1997	21
	7.1 Prufuholur og aðrar athuganir [sumarið 1996]	21
	7.2 Uppgröfturinn 1997	24
	7.3 Hús nr. 1.....	28
	7.4 Gripir.....	30
	7.5 Greiningar	30
	7.5.1 C-14 greining.....	30
	7.5.2 Gjóskugreiningar	31
	7.5.3 Beinagreiningar	32
	7.6 Niðurstöður og umræða um Hús 1	32
	7.7 Bær og kuml.....	33
8	Niðurstaða rannsóknanna 1997 og umræða.....	34
	Heimildir.....	36
	Tæknilegar upplýsingar 1997	38
	Úr dagbók	39
	Fundaskrá.....	44
	Sýnaskrá.....	52
	Ljósmyndir.....	60
	Teikningar.....	78

1 Formáli

Eftirfarandi skýrsla er niðurstaða fornleifarannsókna á víkingal-aldarbýlinu Hólmi og tilheyrandi kumli í mynna Laxárdals í Austur-Skaftafellssýslu. Hún byggir að auki á prufuholugreftri sem gerður var sumarið 1996 (Bjarni F. Einarsson 1996). Steypi ég inn í þessa skýrslu, eilítið breyttum, þeim hlutum skýrslunnar frá 1996 sem ekki eru beinlínis háðir niðurstöðum uppgraftarins '97 (kaflar 3-5 og 7.1). Skrárnar í lok skýrslunnar eru tæmandi og ná yfir bæði forrannsóknina 1996 og rannsóknina 1997.

Rannsóknirnar eru samvinnuverkefni Sýslusafns Austur Skaftafells-sýslu og undirritaðs.


Auk undirritaðs tóku þátt í rannsókninni sumarið '97 þau Agnes Stefánsdóttir, fornleifafræðingur, Magnús A. Sigurðsson, sagnfræðingur/sjávar-fornleifafræðingur og Kristján Mímisson, fornleifafræðinemi. Eiríkur Páll Jörundsson, sagnfræðingur og forstöðumaður Sýslusafns A-Skaftafellssýslu og Björn G. Arnarson, starfsmaður Sýslusafnsins unnu um hríð við uppgröftinn og Helgi M. Sigurðsson, bókmenntafræðingur/sagnfræðingur var gestur við rannsóknirnar, en hann kom sérstaklega til að kynna sér rannsóknirnar með styrk úr Vísindasjóði Reykjavíkurborgar. Auk þessara aðila tóku þær Ragnheiður Valdemarsdóttir forvörslunemi og Zulema Sullca Porta næringafræðinemi þátt í rannsóknunum um skemmri tíma. Öllum þessum aðilum kann ég bestu þakkir fyrir alla aðstoðina og mikilvægar ábendingar og ráð.

Sérstakar þakkir fá Dr. Karl Grönvöld á Norrænu eldfjallastöðinni, Alf Bráthen viðarfræðingur í Trollhättan og Sigurður Sigurðarson, dýralæknir á Tilraunastöð Háskólans að Keldum fyrir greiningar á sýnum.

2 Tilgangur rannsókna

Forrannsóknir sumarið 1996 sýndu að mannvistarleifar var að finna í Hólminum og aldur þeirra líklega mjög hár. Voru líkur taldar á því að hús gætu verið eldri en landnámslagið frá 871-2. Í prufuholum nr. 2 og 4 fundust mannvistarlög og lag sem túlkað var sem gólf, sem sennilega væri úr híbýlum manna. Engin áhöld voru talin vera á því að býlið væri frá landnámsöld, til þess bentu gjóskulög, kumlið og meintir veggir.

Til að staðfesta þessar niðurstöður var nausynlegt að grafa stærri fleti og komast að því hve gamalt býlið væri, hvort um híbýli manna væri að ræða og hvers konar hús prufuholurnar gáfu vísbendingar um.



Mynd nr. 1. Hólmur í Laxárdal, Austur Skaftafellssýslu.

Kumlinu hefur verið raskað að minnsta kosti þrisvar sinnum og því varla eftir miklu að slægjast þar við frekari rannsókn. Þó var þess freistað að rannsaka staðinn enn, ekki síst vegna þess að ekki var lengur vitað nákvæmlega hvar á hólnum kumlið lá. Því var það megin markmið rannsóknarinnar á kumlastæðinu að staðsetja kumlið og freista þess að finna einhver bein og gripi, eða aðra þætti sem varpað gætu ljósi á kumlið. Að sama skapi var látið reyna á þann möguleika að um fleirri kuml gæti verið að ræða á hólnum.

3 Örnefni og staðhættir

Nafnið Hólmur er dregið af örnefni einu í mynni dalsins. Er þar hvilft eða dalverpi, sem býlið hvílir í og heitir Hólmurinn. Afmarkast hvilftin af miklum sjávarkambi í austur, er nefnist Hryggurinn (Selhryggurinn). Liggur hann þvert um mynni Laxárdals. Hólmurinn er vel afmarkaður á allar hliðar, í vestur afmarkast hann af malar- og bergás er kallast Skógarenni, í norður er sjálf Laxáin og í suður er Bergárheiðin.

Bærinn hvílir á dálítilli upphækkun, aðeins 20 metra frá uppsprettulind og læk frá henni, er heitir Hólmslækur. Hólmurinn er vel gróinn vestan lækjarins, en austan hans hefur uppblástur leikið landið hart og er þar melurinn einn eftir. Laxá er ca. 250 m NNV frá rústunum.

Undir barði skammt norður af rústunum og sunnan við Hólmslækinn, er talsvert af steinum á afmörkuðu svæði, en annarsstaðar í nágrenninu eru ekki steinar sjáanlegir. Eru á meðal steinanna ósornar hellur og brenndir steinar og má einna helst ætla að þessir steinar séu leifar byggingar, sem blásið hefur undan. Einnig kemur öskuhaugur til greina.

Kumlið er suðaustan í hól, sem liggur við rætur Hryggjarins, sunnan megin. Sker hóllinn sig talsvert úr umhverfinu og auðvelt að koma auga á hann þegar komið er niður í Hólminn úr suðri.

4 Aðdragandi

Dagana 12. - 14. júní 1996 var haldið námskeið í fornleifaskráningu á Höfn í Hornafirði á vegum Þjóðminjasafns Íslands. Sá undirritaður um námskeiðið og voru þátttakendur þess starfsmenn Sýslusafnsins ásamt fleirum.

Í Hólminum er staðsett eitt fárra kumla sem þekkt eru á svæðinu, kallað Hólmsfundurinn (sjá síðar). Á síðasta degi námskeiðsins var þess freistað að finna býli það, sem kumlið í Hólminum, eða kumlbúinn þar, heyrði til í fyrndinni. Eftir dálitla leit kom staður í leitirnar, sem undirritaður taldi miklar líkur á að væru leifar býlisins. Í framhaldi af því vaknaði áhugi heimamanna á því að staðfesta þennan grun og láta gera prufurannsókn á staðnum með leyfi fornleifanefndar. Afrakstur þeirra rannsókna birtist í skýrslu á síðasta ári og varð til þess að frekari rannsóknir voru taldar nauðsynlegar. Fóru þær fram dagana 26. júní t.o.m. 18. júlí 1997 með góðfúslegu leyfi fornleifanefndar.

5 Hólmsfundurinn og önnur kuml í sýslunni

Um aldamótin síðustu voru bein sennilega farin að blása upp á hól einum í Hólminum, sunnan undir Hryggnum. Fundust þá mannabein á staðnum, auk nokkurra gripa. Í grein Daníels Bruuns um fundinn stendur eftirfarandi:

Fyrir nokkrum árum (1899 eða 1900) gróf maður nokkur, sem síðan fluttist til Ameríku, í hrygginn, líklega af því, að hann hefir rekist þar á uppblásið leiði. Hann fann þar nokkur mannsbein, er lágu í sömu stefnu og hryggurinn, vissi höfuðið í suður, en fætur í norður. Enn fremur fann hann hrosstennur, er lágu á víð og dreif, 2 brýni, 3 stórar glertölur marglitar (svartar, rauðar og bláar) eða einlitar, ryðgaðan járnkökk, 6 þuml. langan, er eigi var af öxi, miklu fremur af hnífi; hann hafði legið vestur frá líkinu. (1903:24).

Bruun gróf sjálfur í kumlið árið 1902 og lýsir rannsókninni á eftirfarandi hátt:

Í suðurenda hryggjarins, sem áður hafði sýnilega verið grafinn sundur, fanst nú enn fremur heilt brýni og leifar af þunnu kolalagi, er virðist hafa verið lagt umhverfis líkið, þar sem oss var sagt, að leifar þess hefðu verið. Enn fremur fundust hrosstennur á stangli í norðurenda hryggjarins, rétt fyrir norðan þann stað, er ætla má, að líkið hafi verið grafið. (1903:24).

Við vettvangskönnun árið 1996 sást að 1 fermetra hola hafði verið grafin efst á hólnum. Ekki er vitað hver þar var að verki.

Gripirnir, sem taldir eru upp hér að ofan, taldi Bruun að hefðu lent í Ameríku, enda hafi sá er gróf á undan honum í kumlið flutst þangað búferlum. Ekki er þó loku fyrir það skotið að gripirnir hafi ekki farið með í pinklum vesturfaranna, en málið er í athugun hjá Sýslusafni Austur-Skaftafellssýslu.

Í ævisögu sinni segir Þorleifur í Hólum frá kumlinu og tímasetur fundinn til ársins 1894. Hann segir að Eymundur nokkur í Dilksnesi hafi sagt sér að sést hafi til mannabeina í uppblásnu flagi fyrir framan Hrygginn. Þeir fóru á staðinn og lýsir Þorleifur atburðunum á eftirfarandi hátt:

Ekki var djúpt að grafa. Kom þar fljótt niður á mannabein, feyskin og fúin; lá beinagrindin frá suðri til norðurs. Auk þessa fundum við tvo brýnisstubba, þrjár glerperlur stórar, tvær rauðar og eina bláa, minnir mig; kolryðgaðan járnstubba, um kvartils langan. Ekki gat það verið öxi og ekki sverð, kynni helzt að vera vænn tygilknífur. Undir beinunum og í kringum þau voru viðarkol. Þá fundum við og tennur úr hesti. (1954:386).

Höfuð hins heygða snéri til suðurs, en ekki er þess getið hvort grjót hafi verið hluti af kumlinu. Virðist mega draga þá ályktun af textanum að svo hafi ekki verið. Annað kom í ljós við rannsóknina 1997.

Sagt hefur það verið að sá er í kumlinu lá, hafi verið heygður á staðnum eftir hólmgöngu, enda heiti landið um kring Vígstaðaland. Nú mun það örnefni vera talsverðan spöl frá og getur ekki hafa átt við Hólminn. Þorleifur hefur eftirfarandi skýringar á höndum um kumlið:

En næsta undarlegt er það, að lík af manni, sem dáíð hefði heima, hefði verið jarðað þarna á afskekktum stað alllangt frá bæjum; kannske, að eitthvert stórkostlegt missætti hafi orðið milli tveggja manna og leitt til þess, að þeir hafi skorað hvorn annan á hólmi, og sléttan framan undir Hryggnum verið valinn hólmgöngustaður. Annar þeirra hefði fallið og verið heygður með hesti sínum rétt við hólmgöngustaðinn og völlurinn þarna eða sléttlendið, sem er efst í Árnaneslandi, hlotið nafn sitt Hólmur af þeirri hólmgöngu, því nafnið er líka hálfóskiljanlegt annars, því þarna er enginn hólmi, sem afmarkast af vatnsföllum eða öðru slíku. Hægt er að láta hugann reika, en í raun og veru er maður jafnnær, því aldrei fæst nein víska um slíkt (1954:388).

Þessi skýring er skemmtileg og segir okkur hve ríka þörf fólk hefur haft til að útskýra óþekktar mannvistarleifar sem það rekst á hér og þar út um landið. Þessi sögn er ekkert einsdæmi og svipaðar sagnir eru víða til. Vonandi hafa rannsóknirnar á Hólmi varpað nýju og betra ljósi á kuml þetta og glaður hefði Þorleifur orðið vegna óvissunnar, sem nú er að líkindum öllu minni en hann hugði.

Kristján Eldjárn nefnir kumlið í kumlatali sínu og hefur upplýsingarnar eftir þeim Daniel Bruun og Þorleifi í Hólum. Hann lýkur lýsingu sinni á því að segja: „Eftirtektarvert er, að kuml þetta var allfjarri bæjum.“ (Kristján Eldjárn 1956:187). Annað átti eftir að koma í ljós.

Árið 1934 fannst kuml í Álaugarey vegna vegagerðar. Í kumlinu fundust steikarteinn úr járn, tvær kúptar nælur, armaaugur, kambur úr beini, skæri, hnífur, hringir úr járn og fataleifar (Matthías Þórðarson

1933-36:32-34 og Kristján Eldjárn 1956:185-86). Líkið mun hafa snúið með höfuðið í austur.

Matthías Þórðarson, forveri Kristjáns Eldjárns, kom á staðinn og lýsti byggingu kumlsins á svohljóðandi hátt:


Þúfa, lág og allbreið, hafði verið yfir henni, [gröfinni], en ekki áberandi, því að jarðvegurinn umhverfis var dálítið ójafn. Hann er mold ein og sást nú ekki, hverzu víð gröfin hafði verið í fyrstu, en grunnt hafði hún verið grafin, og var nú vart meira en 1/3 m. frá yfirborði að grafarbotni. (1936:33).

Árið 1974 fauk ofan af hól einum við Einholt á Mýrum, sem lækkaður hafði verið vegna fjósbyggingar. Stuttu síðar komu þar í ljós mannabein. Fornleifafræðingur frá Þjóðminjasafni Íslands, auk minjavarðar Austurlands, komu á staðinn til að rannsaka verksummerki, en ekkert var eftir af sjálfu kumlinu nema botninn. Mun líkið hafa snúið með höfuðið í suður. Í umrótinu fannst ein blá perla, auk beinanna (Unnur Kristjánsdóttir 1994:74. Gunnlaugur Haraldsson 1980. Vísir 1979). Ekkert frekar er um þennan fund að hafa. Á staðnum eru skemmtileg munnmæli um álfa, sem sprungu við heyskap og voru grafnir þar hjá. Kallaðist önnur gröfin völvuleiði og gæti hafa verið sjálft kumlið sbr. vangaveltur Unnar Kristjánsdóttur þar um (1994:74).


Í grein Gunnlaugs er því haldið fram að kumlbúinn hafi verið kona og byggir höfundur þá niðurstöðu einungis á þeirri staðreynd að perla hafi verið eina haugféð. Sama er haft eftir Guðmundi Ólafssyni, sem stjórnaði rannsókninni. Hann heldur því fram að perlan hafi verið hluti af perlufesti. Vangaveltur um kyn út frá perlum eru/voru afskaplega algengar, en oft úr lausu lofti gripnar. Alls ekki er hægt að fullyrða neitt um kyn haugbúa út frá perlum einum saman, ef þær eru ekki margar. Mjög algengt hefur verið að setja nokkrar perlur niður með haugfé karla. Ef perlurnar voru ca. 20 og fundust allar við eða nálægt hálsi hins látna getur það hinsvegar verið sterk vísbending um konukuml. Perlur í karlakumlum finnast gjarnan við mittisstað. En því miður er þess ekki getið hvar perlan fannst í kumlinu við Einholt.

Við Horn fundust leyfar af mannvirkjum um miðja þessa öld. Fundust gripir á staðnum sem bentu til þess að um forn húsakynni væri að ræða þó ekki sé hægt að tilgreina nákvæman aldur svo að öruggt sé.

Meðal gripanna var sörvistala, sem enn mun vera til. Mannvirkin liggja dálítið upp í fjallshlíðinni, fyrir ofan sléttar grundirnar. Við fjallsrótina, í lækjarfarvegi á grundunum, innan við hundrað metra frá hinum fornu rústum, er hrúgald eitt sem sagt er að bein hafi fundist í. Við vettvangsskoðun kom í ljós að hrúgaldið gæti verið kuml, þó að legan sé ekki þessleg. Vel getur þó verið að lækjarfarvegurinn sé yngri og að hrúgaldið hafi verið grafið ofan í jörðina. Hefur það þá staðist vatnsflauminn vegna steinanna sem virðast vera í því. Lítil athugun ætti að skera úr um þetta atriði. Staður þessi kemur hvergi við sögur og engar heimildir eru til um hann.



Mynd 2. Uppgröfturinn á kumlastæðinu. Punktar við kumlið: 1 síll. 2 heinbrýni. Aðrar tölur vísa í jarðlög sbr. kafla 6.1.1. Á myndinn virðist kumlið snúa A - V. Er það afleiðing alls þess rasks sem átt hefur sér stað á staðnum. Upphafleg stefna hefur verið N - S. BB í Prh. 1 og skurði 3 eru brennd bein. Mælikvarði [ca.] 1: 50.



Mynd 3. Þversnið E- F, norðan við kumlið. Tölurnar vísa í jarðlög sbr. Kafla 6.1.1. Mælikvarði u.þ.b. 1: 40, sjá kvarða. Mót NV.

6 Rannsókn á kumlinu og umhverfi þess 1997

6.1 Uppgröfturinn

Uppgröfturinn hófst samhliða uppgreftinum við fornbylíð. Efst á hólnum var ákveðið að setja staðsetningar- og hæðarpunkt. Í því skyni var stór steinn lagður niður og hann skýrður X 300 Y 300 (sjá teikningu). Hæð hans var áætluð 25 m yfir sjávarmáli.

6.1.1 Jarðlög í kumli og skurðum

Sérstök athygli er vakin á því að númer jarðlaganna, í skurðum og við kumlið annarsvegar og í prufuholum hinsvegar, vísa ekki alltaf í samskonar lög. Í báðum tilvikum eru þó jarðlög nr. 1 og 7 hið sama, þ.e.a.s. grasrót og óhreyft. Landnámslaginu var gefið nr. 3 í kumlinu, en er án númers í prufuholu nr. 1. Númerin vísa í teikningar.

- 1 = Grasrót.
- 2 = Mannvistarlag I með eldra torfi og flyksum af gjósku, þ. á. m. Landnámslaginu. Sennilega sama lag og nr. 5. Í laginu fundust brennd bein, viðarkol, dýratennur og Síll/prjónn úr járn. Megin uppistaða lagsins var humus og sandur (áfök!).
- 3 = Svört gjóska (Landnámslagið).
- 4 = Svört gjóska (sýni nr. 2).
- 5 = Mannvistarlag II. Mjög blandað gjósku og torfi. Í laginu fundust brennd bein, viðarkol og heinbrýni. Sennilega sama lag og nr. 2. Sýni nr. 1.
- 6 = Mannvistarlag III. Blandaður jarðvegur (mikið af silti) og nokkuð af gjósku. Í laginu fundust brennd bein, viðarkol og dýratennur. Sennilega er lagið frákast frá rannsókn Daníels Bruuns frá árinu 1902 og því samsett úr lagi 2 - 5. (Fannst í skurði 3).
- 7 = Óhreyft. Rauðbrúnn foksandur.

Mjög sennilegt er að jarðlög nr. 2, 5 og 6 séu eitt og hið sama jarðlag. Jarðlag nr. 6 er þó ekki in situ vegna þess að því hefur verið mokað til við rannsóknina árið 1902.

Jarðlög nr. 5 og 6 koma ekki fyrir á teikningum af kumlinu, þar sem flestum þversniðum í kumli og í öllum skurðum er sleppt í þessari skýrslu.

6.1.2 Skurður 1

Byrjað var á því að taka snið eða skurð yfir hólinn, þvert á stefnu Laxárdals. Tilgangurinn var að finna kumlið sjálft, en ekki var víst hvar það var nákvæmlega. Var skurðurinn ca. 0,5 m breiður og tæplega 7 m langur. Fékk skurðurinn nafnið Skurður 1. Vestast í honum var ekkert markvert að sjá. Austast í honum fundust hins vegar ummerki, sem gátu verið kumlið. Þar fannst mannvistarlag með brenndum og óbrenndum beinum, viðarkolum og tveimur gripum. Þar lágu að auki steinar sem virtust lagðir af mönnum. Var því skurðurinn víkkaður út á þessum stað og þar kom í ljós það sem eftir var af kumlinu.

6.1.3 Skurður 2

Oftan við Skurð 1, þvert á hann, í stefnu dalsins, var tekinn skurður 2. Var hann 0,5 m breiður og 2,1 m langur. Endaði hann í NA við óþekkta röskun sem var greinilega hola grafin af mönnum á seinni tímum. Var holan 1 x 1 m stór. Víst er að holan var ekki grafin af Daníel Bruun og mönnum hans, hún var of nýleg til þess. Giska ég á að hún sé ekki eldri en 10 ára. Þeir sem grafið hafa holu þessa hafa sennilega gripið í tómt. Í skurði 2 fannst ekkert markvert.

6.1.4 Skurður 3

Í beinu framhaldi af Skurði 2, neðan við Skurð 1, var Skurður 3 grafinn. Var hann jafn breiður og hinir, eða 0,5 m, en lengd hans var ca. 5 m. Ofarlega, eða NA í honum, fundust mannvistarlæg, sem í voru brennd og óbrennd bein, viðarkol og feysknar tennur, auk blöndu af mold, sandi og gjósku. Voru þessi mannvistarlæg túlkuð sem uppkast eftir Daniel Bruun frá því er hann var að rannsaka sjálft kumlið 1902. Aðrar skýringar eru ekki fyrir hendi að svo stöddu.

6.2 Kumlið

Ákveðið var að opna stærra svæði við steinana austast í skurði 1 og kom þá í ljós safn steina sem voru leifar kumlsins. Hefur megin hluti kumlsins væntanlega blásið upp og gjöreyðilagst, til þess benti gróíð rofabarð austan megin í hólnum. Einnig má ætla að rannsókn Daníels Bruuns hafi eytt talsverðum hluta af því sem eftir var þegar hann kom á staðinn 1902. Þegar Þorleifur í Hólum sá kumlið 1894 voru beinin feyskin og fúin og af orðalagi Daníels Bruuns má ráða að hann virðist ekki hafa séð neina beinagrind, honum er hins vegar sýndur staðurinn þar sem hún lá. Komið hefur í ljós að bein á bæjarstæðinu hafa ekki heldur varðveist að neinu ráði. Skýringin er sennilega sú að jarðvegurinn á svæðinu er súr. Brennd bein varðveitast þó í slíku umhverfi og athyglisvert er hve mikið af slíkum beinum fannst, bæði í sjálfu kumlinu og prufuholu 1. Einnig voru tennur áberandi og voru þær sennilega allar úr stórgripum (hesti/kú). Sumar þeirra voru mjög illa farnar, nánast flísar

einar. Ástæðan fyrir þessu er að glerjungur tannanna varðveitist mun betur en aðrir hlutar tannanna og önnur bein yfirleitt.

Vert er að geta þess að kumlið hefur ekki legið á hábungunni, heldur utan í henni austanverðri. Hef ég orðið var við slíka lausn víða, svo sem Írskubúðum og við Rangárkumlin, skammt hjá Gunnarssteini ofan við Keldur á Rangárvöllum.

Greinilegt er að kumlið lá ofan á landnámslaginu (féll 871-72) og er því yngra en það. Virðist allur A-hluti kumlsins upp blásinn, eins og áður er getið, og þar eru steinar á stangli sem sennilega eru hluti af umgjörð eða uppbyggingu kumlsins. Um áttir er það helst að segja að skv. Þorleifi í Hólum mun líkið hafa snúið N - S, eins og Hryggurinn (sem þó snýr frekar í NNV - SSA) og hafi höfuðið vísað í suður. Þorleifur sá sjálfur beinagrindina og því verður að taka upplýsingar hans trúanlegar, þó ýmislegt annað bendi til þess að kumlið hafi snúið í A - V. Lega gripanna, heinbrýnið og síllinn, styðja þó skoðun Þorleifs og tel ég því útlit kumlsins eins og það kom okkur fyrir sjónir vera sjónvillu sem framkölluð er af uppblæstri.

Ekki er hægt að segja mikið með vissu um form eða lögun kumlsins. Þó bendir margt til þess að utan um kumlið hafi verið þétt steinaröð, sem hafi myndað hring eða sporöskju, og innan í þessu hafi verið alsett grjóti, sem hafi legið yfir líkinu. Yfir þetta hefur trúlega verið orpin lár haugur úr mold sem blönduð var brenndum beinum og viðarkolum. Um tilvist hinna brenndu beina og viðarkolanna verður fjallað nánar um hér að neðan.

Vestan megin í hólnum var dálítil bunga sem freistaði og var ákveðið að taka þar prufuholu í hana (prufuhola 1. X 295,6 Y 294) til að kanna hvort fleiri kuml kynnu að leynast í hólnum, eða hvort þar væri hestkuml að finna.

6.3 Prufuholur

6.3.1 Jarðlög


Eins og kom fram hér að ofan varðandi jarðlög í kumlinu, eru jarðlaganúmer ekki eins þar og í prufuholunum, fyrir utan það efsta og neðsta (nr. 1 og 7). Jarðlög við kumlið eru svo röskuð að ekki var þörf á því að gefa þeim frekari gaum.

Landnámslaginu hefur ekki verið gefið sérstakt númer í prufuholum (merkt LL á teikningum. Lag nr. 4 og 5 gæti verið sama lag og lag nr. 4, 5 og 6 í kumlinu (þó heldur ólíklegt). Nánari rannsókn sker úr um það.

Númerin hér á eftir (sérstaklega í sniðteikningunum) vísa í teikningar af prufuholu 1.

- 1 = Grasrót.
- 2 = Áfok.
- 3 = Efra viðarkolalag.

- 4 = Mannvistarlag með brenndum og óbrenndum beinum, viðarkolum, nokkrum steinum og hryggjarlið úr hval. Megin uppistaða lagsins var humus og sandur (áfok!).
- 5 = Mannvistarlag. Heldur dekkra en lag nr. 4 en að öðru leiti trúlega sama lag.
- 6 = Neðra viðarkolalag. Með brenndum beinum, ösku og þunnri rauðri slikju.
- 7 = Óhreyft.



Mynd 4. Kumlið. Tölurnar sýna staðsetningu tveggja gripa; 1 síll, 2 heinbrýni. Steinarnir efst til hægri eru sennilega úr lagi færðir, annaðhvort vegna rofs eða rannsókna Daniels Bruuns. Upphaflega snéri kumlið N - S og sjáum við fótendan óraskaðan. Mælikvarði [ca.] 1: 20.

6.3.2 *Prufuhola 1. X 295,6 Y 294*

Var holan 1x2 m að stærð, eða 2 fermetrar. Komu þar í ljós viðarkol á sama dýpi og þau sem getið er um hér að framan og ætla má að hafi verið yfirborð á 10. öld. Af þessum sökum var ákveðið að kanna prufuholu 1 nánar og grafa niður á óhreift. Verður að segjast að þar komu óvæntir hlutir í ljós. Undir grasrótinni kom í ljós svart lag, allt að 7 sm þykkt þar sem mest var og var lagið fullt af viðarkolum. Má segja að um viðarkolalag hafi verið að ræða. Undir viðarkolalaginu var mannvistarlag sem í voru einstaka viðarkol, brennd bein og stykki úr hryggjarlið hvals, auk nokkurra steina. Lag þetta var allt að 38 sm þykkt. Undir því var mjög svipað lag, en heldur dekkra. Var það allt að 8 sm þykkt. Neðst var aftur svart lag, fullt af viðarkolum, allt að 15 sm þykkt. Auk þess fannst í þessu neðsta lagi talsvert af brenndum beinum, aska og rauð slikja sem getur verið járnokkra (leitað var hrosshára í rauða laginu, en án árangurs).

Í fyllingunni sáust nokkrar holur sem minntu á pinnaholur. Líklega er meirihluti þeirra leifar eftir trjárætur, en hugsanlega voru tvær þeirra, hið minnsta, raunverulega pinnaholur. Var önnur þeirra rétt undir efra viðarkolalaginu (sbr. snið mót NA), en hin í neðra viðarkolalaginu, sunnarlega (sbr. snið mót SA).


Í sniði mót austri, sést að um einhverskonar niðurgröft var að ræða og hefur hann verið grafinn eftir að landnámslagið féll. Hvaða hlutverki þessi gröftur hefur haft er ekki hægt að segja með vissu að svo komnu máli, en ég varpa fram þeirri tilgátu að niðurgröfturinn tengist trúarlegum athöfnum tengdum jarðarför hins látna. Virðist mér um þrjá möguleika vera að ræða. Vík ég nánar að þeim í kafla 6.6. Holan getur ekki verið seinni tíma rask vegna fyrri rannsókna á kumlinu. Viðarkolalögin tvö sýna það.

6.3.3 *Prufuhola 2. X 295,4 Y 295,4*

Holan var ca. 1 x 1 m að stærð. Í henni fannst slæðingur af brenndum beinum efst í grasrótinni, annað markvert var þar ekki að finna.

6.3.4 *Prufuhola 3. X 296 Y 302*

Þessi prufuhola var jafn stór og hola 2 og ekkert fannst í henni markvert.




Mynd 5. Prufuhola 1. Flatarteikningarnar (Plan 1 - 2) sýna þróun jarðlaganna eftir því sem neðar dró. LL er landnámslagið. Síðustu fjórar flatarteikningarnar (3 og 6) eru sýndar á mynd 6. Tölurnar sýna jarðlög skv. kafla 6.3.1. Mælikvarði 1: 20.


6.4 Gripir í kumli og á kumlastæði

Auk beinanna, sem voru vart greinanleg, fyrir utan tennurnar, fundust 7 gripir í/við kumlið. Fyrstan ber að telja síl/prjón (nr. 1) úr járni sem lá austan við steinana í lagi nr. 2. Annaðhvort hefur hann legið við eða í sjálfu kumlinu í fyrndinni eða að hann hefur lent þarna þegar kumlið var rannsakað áður. Gripurinn var 0,9 sm breiður og 13,3 sm langur, lítið eitt boginn og mjókkaði til beggja enda, þó mismikið. Get ég mér þess til að gripurinn sé annaðhvort sill eða klæðapryjónn, þó líklegra sill. Sílar af þessu tagi eru yfirleitt taldir vera til að gera göt í skinn, en einnig þekkist að þeir hafi verið notaðir til að gera eld (E. Bakke post humus. Bergens Ark. Ársb 1993).

Ca. 80 sm austar lá heinbrýni (nr. 2) undir steini í lagi nr. 5. Sennilega var brýnið *in situ* (óhreifit af seinni tíma raski). Er steinninn úr útlendu flögubergi, trúlega norsku og var 0,9 sm þykkur, 1,0 sm br. og 8,1 sm langur. Slík brýni voru afar algeng á víkingaöld, þó þau hafi getað lifað inn í miðaldir.



Mynd 6. Prufuhola 1. Flatarteikningar (Plan 3 efst t.v., plan 4 neðst t. v.) af neðri hluta holunnar. **B** í Plani 3 er hvalbein sem notað var sem skurðarborð eða bretti (gripur nr. 18). Sömu skýringar og á mynd 5. Mælikvarði [ca.] 1: 20.



Mynd 7. Prufuhola 1. Þversnið A - B og B - C. LL er landnámslagið. Tölur sýna jarðlög skv. kafla 6.3.1. Takið eftir pinnaholum og stoðarholu í botni. Mælikvarði [ca.] 1: 20.

Samtals 4 skrautsteinar (nr. 4,5 og 9) fundust í eða við kumlið og allir voru það glerhallar.

Ekki er hægt að aldursgreina gripina með mikilli nákvæmni, en heinbrýnið og síllinn benda til þess að um yngri járnöld sé að ræða. Kumlið sem slíkt er næg sönnun þess að rétt sé með farið og C-14 greiningin sannar það endanlega. Við getum með góðri vissu sagt að kumlið sé tekið á bilinu 871/72 - 1000 A.D.

Í prufuholu 1 fannst, auk brenndra og óbrenndra beina, tilskorinn hryggjarliður úr hvalbeini (nr. 18). Var beinið 6,8 sm þykkt, 13 sm br. og 15,6 sm langt. Á beininu var brunablettur og ofan á því var talsvert af rákum eftir exi eða (kjöt)hníf. Trúi ég því að gripurinn hafi verið notaður til að bíta niður kjötstykki (eins og gripur sem ég fann úr sama efni á Gásum í Eyjafirði árið 1986 við prufurannsóknir á staðnum).

6.5 Greiningar

6.5.1 C-14 greining

Ein C-14 greining frá kumlastæðinu liggur fyrir. Sýnið sem greint var, er tekið úr neðra kolalaginu í prufuholu 1. Niðurstöður greiningarinnar eru:

Nr.	Beta Anal	Mæld C-14 ár	C13/12 hlutfall	C-14 ár	Viðarteg.	Talning
H97:10	Beta 109905	1070 ± 40	-30,4 ‰	1070 ± 40	Birki	Aukin


Leiðréttar skv. tveimur leiðréttingarkúrfum eru niðurstöðurnar eftirfarandi:

C-14 ár	68,2% öryggi (1 zigma)	95,4% öryggi (2 zigma)
1070±40	890–920 & 940–1010	890–1020

Leiðrétt skv. M. Stuiver & R.S. Kra 1986. Radiocarbon 28(2B).

C-14 ár	68% öryggi (1 zigma)	95% öryggi (2 zigma)	Skurðpunktur
1070 ± 40	970 - 1010	890 - 1025	990 AD

Leiðrétt skv. M. Stuiver, A. Long, R.S. Kra & J.M. Devine 1993. Radiocarbon 35(1).



Mynd 8. Leiðréttingarkúrfa sýnisins H 97:10 (Beta 109905) skv. M. Stuiver, A., Long, R.S. Kra & J.M. Devine 1993. Radiocarbon 35(1).

Niðurstaðan er því að hinn heygði hefur verið jarðsettur á 10. öld, trúlega í lok aldarinnar.

6.5.2. Athugun á jarðvegssýni

Sýni, sem tekið var úr þunnu rauðu lagi í prufuholu 1 var kannað af Sigurði Sigurðarsyni dýralækni á rannsóknarstöðinni að Keldum. Var hann sérstaklega beðinn um að gá að hárum (hrosshárum) í sýninu. Niðurstaða hans var að engin merki hára væru í sýninu. Af þessu leiðir að útiloka verður þann möguleika að húð (hrosshúð?) hafi verið lögð yfir moldir á staðnum.

6.5.3. Greining á beinum

Sigurður Sigurðarson greindi einnig bein úr uppgreftinum. Beinín úr kumlinu eða kumlastæðinu voru flest öll illa farin og illgreinanleg. Þó voru nokkrar tennur vel haldnar og nokkur önnur bein sem hægt var að greina með viðunandi vissu. Niðurstaða greiningarinnar er að í og við kumlið fundust bein úr hesti, sauðfé (þ.á.m. lömbum) og fugli.

Í sjálfu kumlinu fundust aðeins hrossabein, önnur bein fundust fyrir utan kumlið og fuglabeinin aðeins í prufuholu nr. 1.

6.6 Niðurstaða af rannsókninni á kumlstæðinu og umræða

Kumlið á staðnum er illa farið og nánast ekkert eftir af því nema nyrsti hlutinn. Þó fundust þar nokkrir gripir og merkastir þeirra eru sill og heinbrýni af algengri víkingaaldar gerð. Staðurinn er C-14 aldursgreindur til 10. aldar og gjóska sýnir að hann er yngri en 871/72.

Á hólnum sem kumlið er í, fundust við prufuholugerð ummerki eftir einhverjar athafnir sem eru taldar leifar eftir athafnir tengdum kumlinu. Eftirfarandi umræðu verður að taka með vissum fyrirvara, enda er staðurinn ekki full rannsakaður. Þeir möguleikar sem ég tel koma til greina eru:

1) Holan er kuml, en bein eru að mestu horfin.

2) Holan er leifar af einhverri athöfn eða athöfnum í sambandi við greftrun þess sem í kumlinu hvíldi. Vel getur verið að komið hafi verið á staðinn reglulega í einhver ár til að minnast hins látna (fórnir, erfidrykkja, athöfn).

3) Holan er einhverskonar mannvirki sem upphaflega var reist þegar hinn látni var heygður. Þar fór einhver athöfn fram og matur var brytjaður niður (hvalbeinið) í því sambandi og hans neytt (brenndu beinin, sauðféð og fuglarnir). Einnig var rauðri járnokkru stráð yfir svæðið. Yfir holunni/staðnum hefur verið komið einhverju árefti eða tjaldi (pinnaholurnar, efra kolalagið) og að aflokinni athöfn hefur verið kveikt í öllu saman. Undir og yfir hinn látna hefur svo verið stráð viðarkolum sbr. lýsingu Daníels Bruuns.

Tel ég þriðja möguleikann líklegastan.

Athöfn af skyldum toga, þó stórbrotnari sé, er lýst af arabíska ferðalangnum *ibn Fadlan*, en hann fór um Garðaríki í erindum kalífans í Bagdad árin 922-23 A.D. Á bökkum Volgu varð hann vitni að bálför höfðingja, sem hann lýsti á sinn hátt í ferðasögu sem hann skrifaði skömmu síðar um för sína. Lýsingin er eina lýsing sjónarvotts, sem til er á greftrun einstaklings frá víkingaöld. (Vikingene ved Volga. 1981:52-62). Í lýsingunni kemur m. a. fram að hinn dauði var geymdur í jörðu ásamt vistum í tíu daga á meðan á undirbúningi stóð. Allan þann tíma var drukkið hömlulaust og sungið og ýmsar athafnir framkvæmdar í tjöldum á staðnum. Því næst var hinn látni settur í skip, ambátt og dýrum fórnað og að lokum kveikt í öllu saman. Að síðustu var haugur orpinn yfir restarnar.

Ekkert þessu skylt hefur áður fundist á Íslandi, en þó vil ég geta eins staðar, sem gæti hafa geymt eitthvað þessu líkt, þó að sá er rannsakaði staðinn, Daniel Bruun, hafi talið leifarnar vera eftir kolagerð. Hann lýsir staðnum á eftirfarandi hátt og læt ég lungan úr lýsingunni fylgja vegna þess hve margt er svo skemmtilega líkt og í Hólmi:

Inn af Fljótsdalshéraði gengur þröngur dalur, er Suðurdalur heitir. Í dal þessum hefur byggð verið meiri í fornöld, svo sem víða til dala, en nú eru að eins tveir bæir byggðir, Þorgerðarstaðir vestan (norðan) árinna, er um dalinn fellur, en Sturluflötur austan (sunnan) megin í dalnum, skamt fyrir neðan Kiðjafell, en þar undir fellinu hyggja menn verið hafi þingstöð í fornöld. Í landi Sturluflatar, á láglandi niður við ána (Kelduá), höfðu fundist nokkur bein og járnmolur og hafði hvorttveggja verið hirt. Það kom í ljós, er eg rannsakaði þenna stað, að þar hafði verið fornt leiði, líkt því, er fundist hafði hjá Reykjasesli, og hafði það blásið upp; líkið hefir snúið frá suðri til norðurs, svo sem hitt, er áður hefir verið nefnt, og hestur verið dysjaður við fætur þess eða beint norður af því. Hrossbeinin fundust nær öll, en fátt eitt af mannsbeininum; höfðu bæði beinin, járnmolarnir og aðrar menjar fokið út fyrir leiðið í ýmsar áttir, en stærð grafarinnar eða grafanna mátti vel marka af steinum þeim, er hlaðið hafði verið að manni og hesti og raðað ofan á þá... Þess skal getið, að nokkur skref austur frá leiðinu fanst nokkurra þumlunga þykt lag af viðarkolaösku, í mesta lagi 3 fet á hvern veg, hefir þar því einhvern tíma verið gert til kola. (Daniel Bruun 1903:19-20).

Kumlið var illa blásið og vel getur því verið að viðarkolaaskan svokallaða hafi verið leifar af einhverju sem lítið var eftir af. Skv. teikningu Daniels virðist viðarkolaaskan hafa verið um 3,5 m SA af mannskumlinu og þar er aðeins talað um „Kul“, þ.e.a.s. viðarkol.

Kuml þetta hefur verið í svipuðu umhverfi og Hólmskumlið, í þröngum dal, á láglandi við á sem heitir því skemmtilega nafni Kelduá, en það bendir til þess að um keldu hafi verið að ræða, eins og lækurinn í Hólmi. Staðurinn er undir Kiðjafelli, Hólmur undir Meðalfelli!

Í báðum tilfellum hefur steinum verið raðað í kring um og yfir hinn látna (og hesta!) og í báðum tilfellum lá líkið í norður - suður.

Erum við kannski að fást við svipaðan hóp landnámsmanna sem nam land á austanverðu landinu, hóp sem kom úr svipuðu umhverfi með svipaðar hugmyndir um hvar var gott að reisa sér bæ og hvar var „rétt“ að heygja hina látnu?

Eins og vikið var að hér að ofan tel ég einna helst að prufuhola 1 hafi komið niður á mannvirki, sem byggt var sérstaklega til trúarlegra athafna, þar sem menn hafa tilreitt mat og borðað undir einhverskonar þaki, en kveikt í öllu saman á eftir. Öðruvísi er erfitt að skilja brenndu og óbrenndu beinin úr hrossum, sauðfé og fugli (gæs - álft?), magnið af viðarkolum, hvalbeinið og pinnaholurnar. Einnig er tilvist hinna tveggja viðarkolalaga (efra og neðra) vísbending um að annaðhvort hafi oft verið komið á staðinn eða að efra lagið séu leifar af yfirbyggingunni, nema hvorttveggja sé. Þar fundust heldur engin bein. Önnur pinnaholan, sú efri, gæti bent til þess að komið hafi verið aftur á staðinn til að minnast hins látna (eða hinna látnu?) eftir að kveikt hefur verið í fyrsta mannvirkinu. Þá hefur hugsanlega pinna með einhverri fórn verið stungið niður hjá kumlinu. Á hvalbeininu, sem fannst í fyllingunni, hefur

kjötið sem neytt var, líklega verið bútað niður fyrir neyslu. Hafa verður í huga að við erum að tala um stað við kuml, þar sem ekki er að vænta venjulegra húsakynna, allavega ekki frá þeim tíma sem um er að ræða (sbr. C-14 greininguna).

Í stuttu máli má segja að á kumlastæðinu hafi farið fram athöfn í tengslum við jarðarför hins látna, hann kvaddur skv. ríkjandi venjum og hann heimsóttur síðar og honum og guðunum sennilega færðar fórnir.

Í Hrífunesi í Skaftártungu er kumlateigur sem er ítarlega rannsakaður. Um eitt kumlið (konukumlið) er sagt að það hafi líklega verið byrjað að grafa fyrir því áður en svokölluð Eldgjárgjóska (E 1) féll, á bilinu 932-938, en ekki gengið frá kumlinu fyrr en eftir að lagið var fallið. (Guðrún Larsen 1996:97-98).

Ég leyfi mér nú, í ljósi Hólmskumlsins, að varpa fram þeirri tilgátu að kumlið sé dæmi um að fjölskylda eða ættingjar hins látna hafi komið aftur á staðinn, hugsanlega til trúarlegra athafna og til að halda kumlinu við, eða endurhlaða það (vegna uppblásturs, nýrra hugmynda um kumlagerð o. s. frv.). Í því sambandi er vert að benda á tvö steinalög í kumlinu, sem er ekki þekkt annarstaðar (Gísli Gestsson 1984:29). Kannski er efra steinalagið einmitt tilkomið til að endurgera kumlið, sem kannski var farið að síga og orðið ógreinilegt.

Eitt kumlið (karlmannskumlið) í Hrífunesi virtist vera talsvert raskað áður en að E-1 lagið féll (Kristján Eldjárn 1984:14-16) og bendir það frekar til uppbláturs en annars. Þetta kuml hefur því ekki verið endurhlaðið eða notið þeirra umhyggju sem hitt kumlið naut, hver sem skýringin kann að vera á því. Kannski er skýringin fólgin í því að konukumlið sé yngsta kumlið á staðnum og því verið lengur í minni manna, jafnvel mikilvægara öðrum kumlum. Gjóskulög benda til að konukumlið sé yngst 5 kumla á svæðinu (3 manneskjur, 2 hross).

Eins er athyglisvert að sjá að hestkuml í Hrífunesi er ekki við mannskuml, heldur talsverðan spöl frá, eða um 40 m (Þór Magnússon 1984:22). Getur það stafað af því að hestkumlið sé í raun einhver fórn, sem ekki sé tengd neinu sérstöku kumli, heldur staðnum sjálfum? Algengt er að hestkuml séu ein og sér og oft erfitt að tengja þau einu ákveðnu kumli, þó það hafi iðulega verið gert áður, stundum með einhverjum rétti, stundum ekki.

7 Rannsókn á fornbylínu Hólmi 1997

Til upprifjunar fylgir hér úrdráttur úr skýrslu profurannsóknanna frá 1996. Hnýtt hefur verið aftan við greinargerð hvernar profuholu niðurstöður skv. rannsóknunum 1997 (skáletrað innan hornklofa).

7.1 Profuholur og aðrar athuganir [sumarið 1996]

Fimm profuholur voru grafnar í Hólmi, prh. nr. 1 - 5, auk þess sem barð NA við rústirnar var kannað lítillega.

Í prh. nr. 3 og 5 (báðar 1 x 1 m) fundust engar vísbendingar um mannvist og eru þær því úr sögunni.

Prh. nr. 1.

X 195,6 Y 215 (SV-hornið). Hún var 0,5 x 4,6 m og ca. 1,25 m djúp. V-langsníð var teiknað í mælikvarðanum 1:40 og hluti þess í mælikvarðanum 1:20 (sjá mynd nr. 2 og 3). Sjö sýni voru tekin í holunni (nr. 1, 2, 3, 4, 5, 7 og 8. Sjá nánar sýnalista).

Ofarlega í holunni sunnanverðri voru ummerki um hugsanlegan vegg úr hreinu torfi. Ef um vegg var að ræða var hann trúlega úr einhverju minniháttar mannvirki svo sem stekki eða gerði. Kemur hann málum lítið við, enda frá seinni tímum. Giska ég á að hann sé frá 18. öld.

Neðst í holunni fundust nokkrir viðarkolamolar, en annað, sem bent gæti til forns mannvirkis, sást ekki. Voru það talsverð vonbrigði hve lítið holan leiddi í ljós. Þess ber þó að geta að aðstæður voru ekki þær bestu til að greina óljós ummerki þúsund ára gamalla athafna. Til þess var holan of þröng miðað við dýpt. Hugsast getur að komið hafi verið niður á skepnuhús, en frekari fullyrðingar um það verða að bíða betri tíma.

[Hinn svokallaði minniháttar veggur sást víðar. Neðst í holunni var þunnt mannvistarlag, sem vafalítið hefur verið yfirborð á tímum býlisins, trúlega á milli húsa eða nálægt þeim.]

Prh. nr. 2.

X 192 Y 208 (SV-hornið). Holan var 0,5 x 4,5 m og ca. 1,25 m djúp. V-langsníð var teiknað í mælikvarðanum 1:20 (sjá mynd nr. 4). Sex sýni voru tekin í holunni (nr. 9, 10, 11, 12, 13 og 15. Sjá nánar sýnalista).

Neðst í holunni fundust mannvirki. Í holunni norðanverðri var mannvistarlag. Náði það í suður að vegg úr hreinu torfi, ca. 1 m á breidd. Þá tóku steinar við, sem lágu upp að veggnum innanverðum og í framhaldi af þeim tók gólfíð við, allt að 12 sm að þykkt. Fyrir ofan gólfíð voru torfflyksur og brot úr þaksteinum. Í þakktorfinu fundust slitrur úr gjóskulagi (sýni nr. 13), sem ekki var hægt að sjá í veggnum. Er gjóskulagið næsta víst Landnámslagið svokallaða, en það féll árið 870 eða 871 (Karl Grönvold m.fl. 1995). Sé það rétt að gjóskulag þetta finnst ekki í veggjatorfinu, er veggurinn (og þar með mannvistin) eldri en 870-871.

Trúlega var um mannabústað að ræða og ræð ég það af gólfinu, sem var svart, fullt af kolum og dálítið af brenndum beinum. Að auki var það vel þjappað. Hins vegar er sú staðreynd að miðskipið virðist vera í sömu hæð og hliðarskipið, athyglisverð. Hef ég engar skýringar á því í bili.

Í holunni fundust 4 gripir, allir í gólfinu. Voru þetta tveir steinar sömu gerðar (nr. 1 og 2), sem gátu verið kljástearnar, þó sennilegra sé að þeir hafi verið sökkur sbr. sökkuna frá Granastöðum (Bjarni F. Einarsson 1995). Voru steinarnir úr súru ummynduðu bergi, sem finnst á svæðinu. Var annar steinninn brotinn með tilhöggnu gati frá báðum hliðum, en hinn steinninn heill með boruðu gati frá báðum hliðum.

Einnig fannst sleginn kvartssteinn (nr. 6, hugsanlega úr eldsláttusteini(?)) og tægjur sem líktust textíl (nr. 5). Við greiningu reyndust tægjurnar sennilegast vera jurtaleifar (munnl. heimild frá Írisi Sigurjónssdóttur, forvörslunema er greindi sýnið. Sjá nánar gripalista).

[Hér var Hús nr. 1. Hafði prufuholan lent yfir eitt horn þess. Ekki var um venjulegan mannabústað að ræða, heldur lítið hús, sem nánar verður fjallað um hér að neðan. Ekki var um neitt miðskip að ræða, sem vænta hefði mátt ef t. d. um skála væri að ræða. Gripirnir, sem taldir voru sökkur, hljóta að teljast kljástearnar. Gjóskulagið í þakinu var ekki landnámslagið og ekki heldur í veggnum. Gjóskurnar eru báðar úr Grímsvötnum, en um aldurinn verður ekki sagt enn].

Prh. nr. 4.


X 190 Y 204. (SV-hornið). Holan var 1 x 1 m á stærð og ca. 1,25 m djúp. Sníð voru ekki teiknuð og engin sýni tekin. Neðst í holunni var gólf, fullt af viðarkolum, nokkrum brenndum beinum, vel þjappað og allt að 5-6 sm þykkt. Að öðru leiti var um sömu stratigrafíu (lagskiptingu) að ræða og í prh. nr. 1 og 2.

Í gólfinu fundust tveir gripir (nr. 3 og 4). Voru þeir brotinn kljásteyinn eða sakka af sömu gerð og steinarnir úr prh. nr. 2 og hálfmáanalaga unninn steinn (brotinn). Var kljásteyinninn eða sakkann með boruðu gati frá báðum hliðum.

Gólfíð tel ég vera úr mannabústað og sennilega úr sama húsi og gólfíð í prh. nr. 2.

[Ekki var um hús að ræða, heldur mannvistarlag, sem vel getur hafa verið útkast úr Húsi nr. 1. Lagið var útbreitt og má segja að prufuholan hafi komið mitt á það. Gripirnir tveir eru kljástearnar.]

Í barðinu, 11 m N af NV-enda prh. nr. 1 og 1,2 m undir yfirborðinu fundust bein (brot úr tönn, sýni nr. 6). Vottaði þar fyrir mannvistarleifum á þessu dýpi, sem var í stórum dráttum það sama og í prufuholunum á hólnum. [Hér gæti verið leifar af öskuhaugi].




Mynd nr. 10. Hólmur í Laxárdal, Austur Skaftafellssýslu. Staðsetning grafinna reita og rústa. Teikn. B.F.E.

Í sama barði austur af prh. nr. 1 var barðveggurinn snyrtur lítillaga og kom þar sama stratigrafía í ljós og í prh. nr. 1, nema að mannvistarlagið var þar mun öflugra. [*Hér eru líkur á að sjálfur skálinn sé*]

Neðan við áðurnefnt barð, á milli þess og lækjarins (Hólmslækjar) er mikil steinadreif á mjög afmörkuðu svæði. Þar liggja vatnssorfnir steinar og hellur, ýmist brennd eða óbrennd. Mátti þar finna líklega soðsteina, auk brenndra hellna, sem gátu hafa verið úr eldstæðum. Þessar leifar hljóta að vera úr húsi, sem blásið hefur undan í tímann rás. [*Engar athugasemdir*].

Niðurstaða þessara prufuhola er að á ca. 1-1,25 m dýpi væri mannvistarleifar að finna og bendir allt til þess að mannbústaðurinn sé þarna við hólinn auk annarra bygginga.

[Er nú algerlega staðfest].



Mynd 10, af langsniði prufuholu 2, úr skýrslu 1997. Langsnið í prufuholu nr. 2. Fast upp við M-lagið er torfveggurinn, settur skástrikum. Innan við vegginn eru steinar sem eru vafalaust hluti af steinfæti undir þil eða annan timburútbúnað. Hliðarskipið afmarkast af vegg og ávölum stein inn af honum. Flatur steinn fyrir ofan gólfíð er trúlega úr þaki. Teikn. B.F.E. Við rannsóknina sumarið á eftir kom í ljós að veggurinn náði lengra til hægri, var með öðrum orðum breiðari, enda var sniðið á ská inn í vegginn.

7.2 Uppgröfturinn 1997

Með niðurstöður prufuholanna að leiðarljósi var ákveðið að nota skurðgröfu til að opna stærri svæði, enda magnið slíkt af jarðvegi yfir minjunum að handgröftur hefði verið gríðarleg sóun á orku og tíma. Þrjú stærri svæði, A - C, voru grafin á þennan hátt (sjá yfirlitsteikningu). Var leitast við að fara eins nærri mannvistarlögum og hægt var, en það þýddi í raun að síðustu 20 -30 sm voru handgrafnir. Engin form sáust á yfirborðinu sem vörpuðu ljósi á stærð eða lögun hugsanlegra húsa og ekki var mögulegt að sjá stefnur þeirra heldur. Því var vænlegast að opna stærri fleti og grafa í plani. Sú aðferð gengur m. a. út frá því að veggir, gólf eða önnur manna verk sjáist við uppgröftinn, svo hægt sé að ákvarða stefnu, form og stærð og miða áframhaldið út frá því. Prufuholurnar höfðu þegar sagt til um innbyrðis legu jarðlaga og hvernig veggir gátu litið út.

7.2.1 Jarðlög

- 1 = Grasrót.
- 2 = G-1783 eða K-1755.
- 3 = "a" lagið, V-1477.
- 4 = V-1410.
- 5 = Ö-1362.


- 7 = Grásvart gjóskulag.
- I = Mannvistarlag.
- II = Mannvistarlag, vatnsborið?
- IV = Torfflyksur úr þaki.
- V = Hnaus með lóðréttum gjóskulögum.

7.2.2 Reitir A - D


Reitur A var ákvarðaður út frá vísbendingum prufuholu nr. 2 og nr. 4, sem bentu til þess að hús væri á staðnum. Reyndist það rétt, þó ekki hafi það verið af sama toga og ætlað var.

Reiturinn var samtals 51 fermetrar að stærð og nánast jafn margir rúmmetrar (þar með talin prufuhola nr. 4, sem var 1 fermetri). Í NA - horni hans var komið niður á ofn í litlu húsi. Á nokkrum stöðum var komið niður á afmörkuð mannvistarlag, sem örugglega voru útkast úr Húsi 1. Eitt þessara laga kom í ljós í prufuholu nr. 4 frá sumrinu 1996. Í reitnum fundust 9 gripir, þar af tveir í prufuholu nr. 4 sumarið 1996. Í m hluta hússins, sem var innan reitsins fundust 4 gripir, hamarshaus (nr. 7) tubrot (nr. 9), slegin ópallflaga (nr. 13) og tönn (nr. 16).

Fyrir utan Hús nr. 1 fundust 6 gripir, unnin hálfmánalaga steinn (nr. 3), tveir kljásteynar (nr. 4 og 8), nagli eða teinn (nr. 10), óunninn jaspis (nr. 11) og tönn (nr. 16). Líklegt er að kljásteynarnir (nr. 4 og




Mynd 11. Snið C - D, hluti af austur hlið Reitar A. Veggirnir eru strikaðir. Horft er til A.



Mynd 12. Snið E - F, hluti af norður hlið Reitar A. Veggirnir eru strikaðir. Horft er til N.

8), sem ekki fundust í sjálfu húsinu, hafi verið í útkasti frá því, t. d. eftir hreinsun hússins í öndverðu. Um alla gripina í Húsi nr. 1 verður fjallað nánar í kaflanum um húsið.


Reitur B var grafinn með hliðsjón af reit A, en líklegt var talið að Hús 1 væri að finna þar. Reyndist það á rökum reist, þó aðeins væri um SV - horn hússins að ræða. Sumarið 1997 var ekki mikið að finna í reitnum, nema einstaka viðarkolamola á stangli í norðurhluta reitsins, eins og vænta má á bæjarstæði. Í prufuholu nr. 2 árið áður höfðu hinsvegar fundist 4 gripir, allir í gólfi Húss nr. 1. Voru þetta tveir kljásteynar (nr. 1 og 2), meintar textílrestar (nr. 5) og sleginn kvarts (nr. 6). Kom í ljós við smásjárathugun að ekki var um textíl að ræða, heldur rótarflóka.



Mynd 13. Snið í hugsanlegar stoðarholur í reit B. 1 = Ljóst gjóskulag (gult). 2 = Svart gjóskulag. 3 = Mold. 4 = Ljóst gjóskulag. Fyllingin var brún mold..

Í reitnum fundust tvær holur sem gátu verið stoðarholur. Sú fyrri, nr. 1, var ferhyrnd og nær örugglega stoðarhola. Hin holan var talsvert óljós og alls ekki víst að um stoðarholu hafi verið að ræða.

Reiturinn var samtals 64 fermetrar að stærð (þar af höfðu 2 verið kannaðir með prufuholu nr. 2 sumarið 1996.



Mynd 14. Snið A - B, hluti af vestur hlið Reitar B. Veggirnir eru strikaðir. Horft er til V. Á sniðinu sést að komið hefur verið inn í horn húss.

Reitur C var grafinn til að athuga hvort Hús 1 væri þar að finna og að athuga hvort komist væri á snoðir um skálann. Ekki náðist að klára reitinn þetta sumar. Reiturinn var ca 27 fermetrar að stærð og ca. 27 rúmmetrar. Var mun meira af mannvistarlögum að finna í reitnum en ráð var fyrir gert. Í NA - horni hans var komið niður á vegg úr hreinu torfi. Virðist þar vera SV - horn á húsi (annaðhvort litlu húsi, viðbyggingu við skála, eða sjálfann skálan?). Grafinn var 1 m breiður skurður út úr reitnum til NA. Þar kom gafl þess húss, sem fannst í NA - horni reitsins, og virtist sem húsið væri u. þ. b. 3,5 m breitt.

Skilinn var 0,5 m breiður bakki við enda skurðarins og haldið svo áfram 2 m. Í NA - enda þessarar viðbótar virtist enn vera komið niður á vegg úr hreinu torfi. Sunnan við þennan meinta vegg var mannvistarlag. Að lokum var barðið í beinu framhaldi af þessum skurði kannað og þar var komið niður á gólf og mátti jafnvel sjá þar örla fyrir seti.

Niðurstaðan af rannsókninni í reit C er óræð. Þrír möguleikar virðast koma til greina:

1) Lítið hús (minna en Hús 1) hefur staðið í NA - horni reitsins og sér fyrir gafl þess í skurðinum til NA úr reitnum.

2) Húsið er viðbygging við annað hús (skálann?).

3) Veggirnir eru úr skálanum og þar sem gaflinn virðist vera á hinu meinta litla húsi, eru dyr inn í skálann. Ekki verður þetta mál leyst öðruvísi en með greftri. Tel ég miklar líkur á því að verið sé að nudda við skálann, þó að ekki sé enn ljóst hvernig hann liggur og hve mikið er eftir af honum. Skv. gólfinu í barðinu gæti eitt skipið í skálanum verið farið og eftir sé miðskip og S - hliðarskip.


Eins og áður kom fram var reiturinn ekki kláraður. Komið var niður á allþykkt mannvistarlag í SA - horninu og náði það alveg að torfveggnum í NA - horninu. Áfram náði mannvistarlagið til vesturs á móts við Y208 línuna, en lengra var ekki grafið.

Í reitnum fundust tvær litlar hrafntinnuflögur (nr. 17 og 24, þar af önnur óörugg) sem gætu verið úr eldsláttusteini, tveir naglar (nr. 12 og 25, þar af annar óöruggur), 3 klébergsbrot (nr. 18 og 20) og voru tvö þeirra úr sama kerinu, brot úr kambi (nr. 19), einn ósleginn ónyx steinn (14), tveir óslegnir rauðir jaspissteinar (nr. 15 og 21), einn sleginn rauður jaspissteinn (nr. 22), einn skrautsteinn, glerhallur (nr. 26) og einn skífumyndaður steinn (nr. 23). Síðast nefndi gripurinn gæti hafa verið notaður til að súta skinn (ef rétt er að á kanti hans hafi verið merki um núning).


Reitur D. Markmið graftarins í reitnum var að kanna hvort hús væri á staðnum, en skv. prufuholu nr. 1 var hugsanlegt að skepnuhús leyndist þar undir. Reiturinn var 1 x 3 m og rúmir 3 rúmmetrar. Öll þau gjóskulög, sem komið höfðu í ljós annarsstaðar á bæjarstæðinu, voru þar að finna. Á ca. 1,2 m dýpi varð vart mannvistarlags, sem í voru nokkrir viðarkolamolar. Var lagið rauðleitt.

7.3 Hús nr. 1

Hús nr. 1 er ca. 3,2 x 5,8 m stórt að utanmáli og 1,6 x 3,7 m að innanmáli. Stærð gólfflatarins er því nálægt 5,9 fermetrar. Húsið var ekki skáli, þó að það gæti hafa verið mannabústaður af annari gerð, og það var mun minna en ráð var fyrir gert. Stærð og lögun hússins er ráðin út frá sniðum og útbreiðslu gólfsins, sem var 5 - 12 sm þykkt þar sem það mældist í sniðum. Einnig var höfð hliðsjón af stoðarholunum tveimur. Neðst í gólfinu virðist brenndur lurkur hafa legið (eldiviður?). Þétt upp að suður langvegg var ofn og fyrir framan hann voru nokkrar pinnaholur.



Mynd 15. Ofninn í Húsi 1. Brotalínan við ofninn sýnir útbreiðslu gólfsins og heila línan sýnir endimörk veggjarins. Fyrir framan ofninn sjást nokkrar pinnaholur. Norður vísar upp.



Mynd 16. Hús 1. Norður vísar upp.

Ofnin var af vanalegri gerð ca. 0,60 x 0,64 m stór og snéri opið til NA. Botn hans var í sömu hæð og gólfið. Við vegginn var stór steinn og umhverfis hann minni steinar. Stóri steinninn hefur verið einskonar hlíf og varmasafnari ásamt minni steinunum. Þeir gátu einnig hafa verið hugsanlegir soðsteinar til nota í húsinu sjálfu eða öðru húsi. Á allar hliðar ofnsins voru hellur á rönd, nema á þeirri sem snéri inn í húsið. Slíkt er nær regla fremur en undantekning í húsum landnámsaldar og yngri húsum.

Ekki sást með vissu hvar dyrnar gátu verið, en margt bendir til þess að þær gætu verið við vestur gaflinn, en það ræð ég af því að gólfið teygir sig lítilega í þá áttina og í sniði sást kantur sem gæti verið hluti af dyraumbúnaði. Annar möguleiki gæti verið á norður langhlið, þar sem enn er ógrafið. Ekki voru dyrnar við austur gafl og ekki er líklegt að þær séu á suður langvegg þar sem ofninn er. Ef svo er eru þær vel faldar í ógröfnum bakkanum á milli reita A og B.

Fram kom í lýsingu reitanna að flestir gripir fundust í eða við Hús 1. Í sjálfu húsinu fundust 8 gripir. Í austur – endanum fundust báðir kljásteyrnir, meintar textílleifar¹ og sleginn kvarts flaga. Í vestur – endanum fundust hamarshaus (yfir stóra steininum í eldstæðinu), eitt grýtubrot, slegin ópal-flaga og tönn.

Ég tel að húsið hafi fyrst og fremst verið vefstaður þar sem önnur störf voru einnig unnin eftir þörfum. Ég vík nánar að þessu í kafla 7.6.

¹ Í smásjárathugun kom í ljós að trúlega var um rótarflóka að ræða. Ef um hör (lín), eða álíka efni, er að ræða kemur til greina að það hafi verið hluti af því sem ofið var í húsinu. Hör fannst í kumlinu í Álaugarey (Kristján Eldjárn 1956:186).

7.4 Gripir

Eins og fram hefur komið í lýsingum um einstaka reiti fannst talsvert af gripum á bæjarstæðinu. Mest bar á gripum úr íslenskum steinum, sérstaklega kljásteynum og skrautsteinum. Einnig fundust gripir úr jární, hrafntinnu, jaspis, beini og erlendum steini, en það voru fjögur grýtubrot úr þremur gripum. Kljásteynarnir finnast allir í húsi 1 eða í allra nánasta umhverfi þess. Gripirnir sýna fjölbreytta iðju manna á staðnum, svo sem vefnað, járngerð, smíðar og hugsanlega sútun, auk hversdagslegra athafna svo sem matargerð og hársnyrting/lúsaleit.

Gripirnir eru ekki aldursgreinandi, en þó má segja að þeir sýni að um „gamla“ minjar sé að ræða. Kljásteynarnir eru af algengri járnaldargerð. Þó ber þess að geta að einn kljásteynanna, sem fannst árið 1996, er afar líkur sökku frá Granastöðum sem fóru í eyði fyrir 1000 AD. Svipaðir kljásteynar eru einnig þekktir frá Þjóðflutningatímanum (400 - 600 AD).

Hamarinn svipar dálítið til hamranna frá *Mästermyr* á Gotlandi, en þeir eru taldir vera frá seinni hluta víkingaaldar. (Arwidsson og Berg 1983). Hólmsamarinn er nokkuð minni og hefur aðra lögun en þeir. Sama má segja um hamar, sem Jan Petersen lýsir (Fig. 56. Petersen 1951:79). Eins er mynd af kljásteyni hjá Petersen (Fig. 159. 1951:297) sem er afar líkur grip nr. 8. Báðir steinarnir eru með boruðu gati nær öðrum endanum og báðir eru með krossmarki ristú á aðra hliðina. Slíkar merkingar gátu verið eignarmörk eða til að gefa til kynna þyngdina (Hoffman 1974:20).

Hólmsamarinn hefur einskonar odd öðrumegin og kúluhaus hinumegin. Hefur hann væntanlega verið notaður til finni smíða (silfurkoparsmíði!). Hamrar svipaðrar gerðar eru allavega þekktir frá Þjóðflutningatíma og lengi fram eftir öldum, jafnvel inn í nútíma.

7.5 Greiningar

7.5.1 C-14 greining

Ein C-14 niðurstæða liggur fyrir frá eyðibýlinu. Sýnið sem greint var er tekið neðst úr gólfi húss 1, og er hún eftirfarandi:

Nr.	Beta Anal	Mæld C-14 ár	C13/12 hlutfall	C-14 ár	Viðarteg.	Talning
H97:26	Beta 109906	1220 ± 90	-21,0‰,4 ‰	1220 ± 90	Birki	Aukin


Leiðréttar eru niðurstöðurnar, skv. tveimur leiðréttingarkúrfum, eftirfarandi:

C-14 ár	68,2% öryggi (1 zigma)	95,4% öryggi (2 zigma)
1220 ± 90	690 - 890 & <u>650 - 990</u>	<u>650 - 990</u>

Leiðrétt skv. M. Stuiver & R.S. Kra 1986. Radiocarbon 28(2B).

C-14 ár	68% öryggi (1 zigma)	95% öryggi (2 zigma)	Skurðpunktur
1220 ± 90	690 - 905 & 920 - 950	650 - 1005	800 AD

Leiðrétt skv. M. Stuiver, A. Long, R.S. Kra & J.M. Devine 1993. Radiocarbon 35(1).



Mynd 17. Leiðréttingarkúrfa sýnisins H 97:26 (Beta 109906) skv. M. Stuiver, A. Long, R.S. Kra & J.M. Devine 1993. Radiocarbon 35(1).

Niðurstaðan er sú að Hús nr. 1 hefur verið byggt á 8. - 10. öld, trúlegast á 9. öld.

7.5.2 Gjóskugreiningar

Þrjú sýni (nr. 31 - 33) voru send til Norrænu eldfjallastöðvarinnar og þar greindi dr. Karl Grønvold, jarðfræðingur, sýnin. Eitt sýnið var tekið úr þaktorfum yfir gólfi Húss 1 (sýni nr. 31), annað úr vegg sama húss (sýni nr. 32) og síðasta sýnið lá yfir mannvistarlögum í reit C, A - enda (sýni nr. 33).

Sýni nr. 31 og 32 virðast vera úr sömu eldstöðinni, Grímsvötnum, en ekki hægt að tilgreina aldur þess. Sýni nr. 33 var sennilega úr Kötlu - Eldgjá, en ekki víst úr hvaða gosi (getur það verið E-1 frá 932 - 942 (Guðrún Larsen 1996:98)? Víst er að ekkert sýnanna var með Landnámslaginu (871 ± 2 ár).

Á vettvangi sást munur á gjóskulögum tveimur (sýni nr. 31 og 32). Lagið sem sýni nr. 32 var tekið úr var mun dekkra, eða alveg svart, en hitt var ljósara og jafnvel finna. Taka skal fram að þetta var sýn leikmannsins.

Greinilegt er að til að fá úr þessu skorið þarf að fá jarðfræðing á staðinn og skoða jarðlögin til að komast að aldri einstakra laga í nálægð Landnámslagsins og það er því enn ófundið í veggjum eða þaki hússins.

Sú tilgáta, sem lögð var fram í fyrri skýrslu að Hús 1 gæti verið eldra en Landnámslagið og farið í eyði á 10 öld er því enn ósönnuð (Bjarni F.

Einarsson 1996). Ef sýni nr. 31 og nr. 32 eru úr sama laginu, tel ég ekki fráleitt að það sé eldra en Landnámslagið, eitt af lögnum rétt undir því. Önnur tilgáta er að hér sé komið lag rétt ofan við Landnámslagið (sjá Guðrúnu Larsen 1982:57). Þetta verður að rannsaka sérstaklega síðar. C-14 niðurstaðan skýrir þetta vandamál ekki.

7.5.3 Beinagreiningar

Sigurður Sigurðarson greindi öll bein frá rannsóknunum, eins og áður er getið. Á bæjarstæðinu fannst mylsna úr aðeins einni (!) tönn, líklega jaxli úr hrossi. Eftirteknað er hve lítið fannst af beinum á bæjarstæðinu, beinum sem hægt var að safna upp.

7.6 Niðurstöður og umræða um Hús 1

Svarið við spurningunni um notkun hússins felst á þessu stigi málsins (og reyndar öllum) í gripunum, gólfinu og ofninum.

Gripirnir benda eindregið til tóvinnu og þá sérstaklega til vefnaðar. Ofninn sýnir að sóttst hefur verið eftir birtu og yl og í gólfinu fundust brennd bein, sem gætu verið matarleifar, þó líklegra sé að þau sýni bæði matarleifar og notkun á beinum sem eldsneyti. Í öllu falli hnígur allt að því að birtan og ylurinn var ætlaður fólki. Auk tóvinnunnar hefur finni smíðavinna verið stunduð í húsinu (málmsmíði í tengslum við ofninn?). Hugsast getur að kljástearnar hafi verið búnir til í húsinu, þó að vefstaðurinn hafi staðið annarsstaðar.

Veggjagerðina, sem í ljós kom í Húsi 1, tel ég óræka vísbendingu um að rústirnar séu ekki yngri en frá því um 1000. Má heita að nær öll íslensk fornbyli frá landnámsöld (hér skilgreind frá upphafi fram að 1000) hafi veggj úr hreinu torfi (Bjarni F. Einarsson 1995a:111). Síðustu rannsóknir undirritaðs í Aðalstræti 12, á Írskubúðum á Snæfellsnesi (sami 1995b, og 1997), og Hala í Þingeyjarsýslu (Bjarni F. Einarsson og Magnús Á. Sigurgeirsson 1996) sýna allar sömu niðurstöður. Veggir voru gerðir úr hreinu torfi í upphafi byggðar í landinu. Má í þessu sambandi benda á þekktar miðaldarústir svo sem Stöng í Þjórsárdal þar sem veggir eru úr grjóti og torfi, en þar eru leifar enn eldri skála undir og veggir hans eru úr hreinu torfi (Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1989:85). Fleiri dæmi má nefna þar sem elstu húsin eru með torfveggjum, þó að yngri hús hafi veggj úr grjóti og torfi. Bendi ég á elsta húsið að Bessastöðum í þessu sambandi. Engir þekktir mannbústaðir á Íslandi yngri en 1000 hafa veggj úr hreinu torfi.

Aðeins tvær undantekningar frá ofangreindum veggjagerðum frá landnámsöld eru þekktar í landinu, en þær eru Goðatættur í Papey og Herjólfsdalur í Vestmannaeyjum. Um báða staðina ríkir ákveðin óvissa eða skoðanaágreiningur um aldurinn og báðir staðirnir eru á eyjum fyrir sunnan landið, sem getur verið skýringin á þessu.

Kumlið bendir að auki til þess að býlið sé eldra en frá því um 1000, en slíkur greftrunarsíður lagðist af um það leyti.

7.7 Bær og kuml

Oft hefur þess verið getið að kuml hafi yfirleitt verið nálægt bæjum, rétt utan við túngarð (Kristján Eldjárn 1974:134. Bjarni F. Einarsson 1994:57). Kuml hafði þó aldrei verið rannsakað í sambandi við fornþéttarrannsóknir fyrr en í lok níunda áratugarins er bæði bær og kuml voru rannsökuð samtímis, en það var á Granastöðum í Eyjafirði (Bjarni F. Einarsson 1989). Ekki hafði heldur verið gerð tilraun til að leita að fornþéttum í tengslum við þekkt kuml, svo að vitað sé, og enginn íslenskur fornþéttur á tilvist sína að þakka kumli nema Hólmur. Hann er fyrsti fornþétturinn sem finnst vegna þess að hans var leitað sérstaklega.

Auk Granastaða og Hólms hef ég fundið a. m. k. tvo staði sem bæði hafa bæ og kuml. Annar er Írskubúðir á utanverðu Snæfellsnesi og hinn er Skarðsvík á sömu slóðum.

Á Írskubúðum voru rústir þekktar, þó aldurinn væri ekki þekktur, og þar var svonefndur Hákonarhóll, sem sagður var dys manns er drepinn var af Írum. Hóllinn reyndist vera kuml og rústirnar eru nær örugglega frá landnámsöld (Bjarni F. Einarsson 1997(a)).

Í Skarðsvík fannst árið 1962 kuml í sambandi við vegagerð. Þar fundust nokkrir gripir og þar á meðal frankískt sverð, spjótsoddur og beinþrjónn (Þorkell Grímsson 1966:78-84). Árið 1996 fann ég mjög illa farnar rústir húss skammt frá kumlinu, sem eru afar sennilega rústir frá landnámsöld, jafnvel skálarúst (Bjarni F. Einarsson 1997(b)).

Allir eiga þessir staðir nokkur athyglisverð atriði sameiginleg.

Í öllum fjórum tilvikum eru 100 – 200 metrar á milli býlis og kumls. Í öllum tilvikum eru kumlin á dálitlum hólum eða hryggjum, sem eru alls ekki hæstu hólarnir eða hryggirnir í umhverfinu. Í öllum tilvikum er býli og kuml í nánast sömu hæð yfir sjávarmáli og þannig hefur verið bein sjónlína á milli.² Slík ráðstöfun á sér vafalítið trúarlegar skýringar. Þannig hafa tengslin við hina látnu haldist. Þó í nýjum búningi væri. Hinir látnu voru áfram hluti fjölskyldunnar þó að heimkynnin væru önnur, og kumlastæðin voru heimsótt reglulega til trúarlegra athafna (fórna, hugleiðslu o. s. frv.). Slíkt gat verið mikilvægt fyrir landnemana, að staðfesta samband sitt við umhverfið, eða gera einskonar sáttmála við náttúruöflin um gagnkvæma virðingu. Fjölskyldan, og síðar ættin, var þannig orðin órjúfanlegur hluti af umhverfinu, náttúrunni og átti þar heima. Kumlastæðið verur staðfesting á veru fjöldskyldunnar á staðnum og þeim tengslum er haldið lifandi með trúarlegum athöfnum á

² Líkið í Hólmskumlinu snéri N - S og var höfuðið í suður. Höfuðið vísaði til býlisins og vel má ímynda sér að hin látni hafi snúið andlitinu heim að býlinu, en það kemur ekki fram í gögnunum. Að Granastöðum snéri líkið þvert á sjónlínuna og því gæti það einnig hafa snúið andlitinu á móti býlinu. Í Skarðsvík snéri líkið í NA - SV og lá það á vinstri hlið og snéri andlitinu niður. Líkið í Álaugarey snéri A - V og var höfuðið í austur, í átt að býlinu.

kumlastæðinu. Einnig getur verið að kumlastæðið hafi verið mikilvægur þáttur í staðfestingu fjöldskyldunnar á eignarhaldi, eins og allt er með kuml erlendis. Þó er sá munur á að slíkar grafir voru yfirleitt stórar um sig og mikilvægt að þær sæjust víða að. M. ö. o. mikil vinna var lögð í uppbyggingu grafarinnar til að hún mætti uppfylla þetta atriði. Á bak við slíka uppbyggingu var talsvert vald (höfðingi, kóngur) sem gat farið fram og framkvæmt slíka byggingu. Á Íslandi var slíku valdi ekki til lað dreifa í upphafi byggðar í landinu og engin þörf á því að kuml sæjust víða að. Þess vegna eru íslensku kumlin yfirleitt lítil um sig og tiltölulega lítil vinna lögð í sjálfa umgjörðina.

Á eldri járnöld (500 B.C. - 600 A.D.) voru kuml gjarnan mun nærri býlunum, jafnvel á sjálfu bæjarstæðinu. Hefur verið leitt að því getum að aðal kumlið (elsti eða stærsti haugurinn) hafi verið miðstöð trúarlegra og réttarfarslegra athafna (Kristoffersen 1993:201).

Að lokum vil ég minna á kumlið í Álaugarey, sem ég minntis á í upphafi skýrslunnar, kafla 5. Sé sú tilgáta rétt að kuml séu í beinni sjónlínu frá býlunum er ekki um marga staði að ræða nálægt kumlinu aðra en Mikley. Ég giska á að fornbylíð hvíli þar undir beitarhúsum frá seinni tímum³ Þar er góð lending og búsældarlegt. Líkið snéri höfðinu í átt að eyggi sem styrkir tilgátuna, en svoleiðis var það í Hólmi. Kannski var þetta siður þar eystra?

8 Niðurstaða rannsóknanna 1997 og umræða

Að Hólmi í Laxárdal í Austur-Skaftafellssýslu fundust rústir áður óþekktar býlis frá landnámsöld. Býlinu hefur verið gefið nafnið Hólmur vegna þess að örnefnið er til á staðnum yfir dalverpið eða kvosina sem býlið er í.

Einn heimamanna í Hólmi liggur heygður u.þ.b. 200 m innar í dalnum og hefur sá staður gengið undir nafninu Hólmsfundurinn. Staðurinn hefur verið kannaður í tvígang, um aldamótin síðustu og enn 1997.

Skammt frá kumlinu, aðeins nokkra metra, á sama hól utan í Hryggnum, fundust fornleifar sem geta verið leifar athafna tengdum jarðarför hins heygða í kumlinu. Getum er leitt að því að um einhverskonar mannvirki hafi verið að ræða þar sem átveisla hafi farið fram, líklega undir árefti eða tjaldi. Maturinn hefur m.a. verið hrossakjöt, en til þess benda þau bein (tennur), sem greinanleg voru. Var þar um ungt hross að ræða, sem ekki getur hafa verið reiðhestur. Að lokinni athöfninni hefur verið kveikt í mannvirkinu og því sem eftir var af hrossinu og ekki var sett í kumlið.

Frá kumlinu hefur verið bein (lárétt) sjónlína heim að bæ. Slíkt samband höfum við séð á fleiri stöðum á Íslandi. Mikilvægt hefur verið að þetta sjónræna samband hafi verið fyrir hendi til að halda lífi í

³ Ég hef enn ekki komið út í eygna, en hef samt ákveðna tiltrú á tilgátuna. Gaman væri að geta sannreynt þetta.

sambandinu við hinn látna (hina látnu?), sem þrátt fyrir allt var áfram hluti af fjölskyldunni, þó í öðru formi væri. Slíkt samband getum við kallað forfeðradýrkun. Heimar lifandi og dauðra voru ekki jafn aðskildir og seinna varð.

Uppblástur á bæjarstæðinu er talsverður og hefur eitt hús þegar horfið vegna hans.

Aldur rústanna má ráða af fjórum atriðum. Í fyrsta lagi tengsl býlisins við kumlið. Kuml lögðust af um 1000 eins og áður hefur komið fram. Í öðru lagi bendir veggjagerðin, sem var hreint torf, til þess að um fornt býli sé að ræða, ekki yngra en ca. 1000. Í þriðja lagi benda gjóskulög til hins sama. Og síðasta atriðið er C-14 aldursgreiningin, sem nánast sannar að um víkingaaldar býli sé að ræða, frá fyrstu tímum búsetu í landinu.

Benti gjóskan í sniðum og gjóskugreiningarnar frá 1996 jafnvel til þess að húsið, sem kom í ljós í prufuholum nr. 2 og 4 og kallað er Hús 1, sé eldra en landnámslagið, sem féll 870 eða 873. Ekki var komist til botns í þessu máli, en Landnámslagið fannst þó ekki í veggjum, né þaktorfum.

Í skýrslunni yfir prufurannsóknirnar 1996, gat ég þess í lokin að ekki hafi vottað fyrir móösku í jarðlögunum. Taldi ég það sterka vísbendingu um að býlið sé fornt, eða frá 10. öld eða eldra. Við rannsóknirnar 1997 kom ekkert fram sem breytir þessari skoðun minni.

Að lokum skal sérstaklega bent á að aðeins lítill hluti minjanna í Hólmi hefur verið rannsakaður og margt enn eftir að koma í ljós. Afar mikilvægt er að klára rannsóknirnar á kumlastæðinu til að fá endanlega mynd af því sem þar er að finna. Séu mannvirki þar af þeirri tegund sem giskað er á í þessari skýrslu, er um svo merkilegar minjar að ræða að óverjandi er að kanna málið ekki til hlítar.

Heimildir

- Arwidsson, Greta & Berg, Gösta. *The Mästermyr Find. A Viking Age Tool Chest from Gotland*. Motala 1983.
- Beta Analytic Inc. Bréf dags. 1. okt. 1997, varðandi geislakolsgreiningar á tveimur sýnum (nr. 10 úr kumlastæði og nr. 26 á bæjarstæðinu). Óbirt rannsóknarskýrsla.
- Bjarni [F.] Einarsson. „Jaðarbyggð á Eyjafjarðardal. Víkingaaldar bærinn Granastaðir.“ *Sútur. Norðlenskt Tímarit*. Akureyri 1989.
- Bjarni F. Einarsson (a). *The Settlement of Iceland; a Critical Approach. Granastaðir and the Ecological Heritage*. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík 1995.
- Sami (b). *Fornleifarannsókn í Aðalstræti 12 1993. Rannsóknarsaga, endurmat og andnám*. Skýrslur Árbæjarsafns XLIX. Reykjavík 1995.
- Sami - Hólmur í mynni Laxárdals - *Skýrsla yfir prufurannsóknir á fornbylínu Hólmur í mynni Laxárdals, Austur Skaftafellssýslu, 13. - 16. ágúst 1996*. Óbirt rannsóknarskýrsla. Reykjavík 1996.
- Sami (a). Írskubúðir og Hákonarhóll. Prufurannsóknir á víkingaraldar eyðibýli og kumli undir Jökli í Snæfellsbæ á Snæfellsnesi. Óbirt rannsóknarskýrsla. Reykjavík. 1997.
- Sami (b). Fornleifaskrá Snæfellsbæjar. Skýrsla fornleifaskráningar í fyrirhuguðum þjóðgarði á utanverðu Snæfellsnesi. Óbirt skráningarskýrsla. Reykjavík 1997.
- Bjarni F. Einarsson og Magnús Á. Sigurgeirsson. *Forkannanir á fornbylínu Hala í Hlíðardal í Þingeyjarsýslu 1994 - 1995*. Óbirt rannsóknarskýrsla. Reykjavík 1996).
- Bruun, Daniel. „Nokkrar dysjar frá heiðni. II. Sturluflatarfundurinn.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1903*. Reykjavík 1903.
- Bruun, Daniel. „Nokkrar dysjar frá heiðni. IV. Hólmsfundurinn.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1903*. Reykjavík 1903.
- Gísli Gestsson. „Kumlateigur í Hrífunesi í Skaftártungu III.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1983*. Reykjavík 1984.
- Guðrún Larsen. „Gjóskutímatatal Jökuldals og nágrennis.“ *Eldur er í norðri*. Sögufélag. Reykjavík 1982.
- Guðrún Larsen. „Gjóskutímatatal og gjóskulög.“ *Visindafélag Íslands. Ráðstefnurit*. Reykjavík 1996.
- Gunnlaugur Haraldsson. „Konukuml í Einholti.“ *Þjóðviljinn 9. febr. 1980*.
- Karl Grönvold. Öskusýni frá Hólmi í Austur Skaftafellssýslu - safnað af Bjarna F. Einarssyni. Efnagreiningar með örgreini í febrúar 1998. Óbirt rannsóknarskýrsla. Reykjavík [mars] 1998.
- Hoffmann, Marta *The Warp Weighted Loom. Studies in the history and technology of an ancient implement*. Oslo 1974.
- Karl Grönvold, Niels Óskarsson, Sigfús J. Johnsen, H.B. Clausen, C.U. Hammer, G. Bond & E. Bard. „Express Letter. Ash layers from Iceland in the Greenland GRIP ice core correlated with oceanic and land sediments“ *Earth and Planetary Science Letters 135* (1995).
- Kristján Eldjárn. *Kuml og haugfé. Úr heiðnum sið á Íslandi*. Akureyri 1956.
- Kristján Eldjárn. „Fornþjóð og minjar.“ *Saga Íslands I*. Reykjavík 1974.
- Kristján Eldjárn. „Kumlateigur í Hrífunesi í Skaftártungu I.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1983*. Reykjavík 1984.
- Kristján Eldjárn. „Papey. Fornleifarannsóknir 1967-1981.“ Guðrún Sveinbjarnardóttir bjó til prentunar og samdi viðauka. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1988*. Reykjavík 1989.

- Kristoffersen, Siv. „Gård og gjenstandsmateriale - sosial sammenheng og økonomisk struktur.“ *Arkeologiske skrifter fra Historisk Museum*. Universitetet i Bergen. No. 7. Bergen 1993.
- Margrét Hermanns-Auðardóttir. *Islands tidiga bosättning. Studier med utgångspunkt I merovingertid- vikingatida gårdslämningar i Herjólfsdalur, Vestmannaeyjar, Island*. Studia Archaeologica Universitatis Umensis 1. Umeå universitet. Arkeologiska institutionen. Reykjavík 1989.
- Matthías Þórðarson. „Rannsókn nokkurra forndysja, o.fl. Dys í Álöfarey í Hornafirði.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1933-36*. Reykjavík 1936.
- Sigurður Sigurðarson. Bréf, dags. 11. des. 1997 varðandi greiningu á jarðvegssýnum frá kumlastæði, nr. 8 og nr. 12. Óbirt rannsóknarskýrsla.
- Sigurður Sigurðarsson. Bréf dags. 20. mars 1998 varðandi niðurstöður beinagreininga á beinum frá Hólmi. Óbirt rannsóknarskýrsla.
- Unnur Kristjánsdóttir. „Völvuleiðið í Einholti.“ *Skaftfellingur. 10. árg. 1994*. *Vikingerne ved Volga*. Ibn Fadlans rejsebeskrivelse resumert, deloversat og kommenteret af Jørgen Bæk Simonsen. Århus 1981.
- Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson. „Stöng og Þjórsárdalur-bosættelsens ophör.“ *Hikuin 15*. 1989.
- Vísir, 19. sept. 1979. „Bein og hluti af perlufesti frá víkingaöld grafin upp.“ Þorleifur [Jónsson] í Hólum. *Ævisaga*. Reykjavík 1954.
- Þór Magnússon. „Kumlateigur í Hrífunesi í Skaftártungu II.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1983*. Reykjavík 1984.

Tæknilegar upplýsingar 1997

Rannsóknarstaður:

Óþekkt eyðibýli í mynni Laxárdals í Austur Skaftafellssýslu, kallað Hólmur og kuml sem kallað hefur verið Hólmsfundurinn.

Staðfræðikort og/eða önnur kort

Uppdráttur Íslands. Aðalkort blað 9. Suðausturland 1:250 000. Landmælingar Íslands 1984.

Verkkaupandi:

Hornafjarðarbær.

Ábyrgðaraðili og stjórnandi:

Bjarni F. Einarsson.

Leyfi fornleifanevndar:

27. maí 1997.

Starfsmenn:

Bjarni F. Einarsson, stjórnandi.

Aðstoðarmenn:

Agnes Stefánsdóttir, fornleifafræðingur.

Magnús A. Sigurðsson, sagnfræðingur/sjávarfornleifafræðingur.

Kristján Mímisson, fornleifafræðinemi.

Eiríkur Páll Jörundsson, sagnfræðingur, forstöðum. Sýslusafns A-Skaftafellssýslu.

Björn G. Arnarsson, starfsmaður sýslusafns A-Skaftafellssýslu.

Forvarsla:

Þjóðminjasafn Íslands.

Greiningar:

C-14 greiningar: Beta Analytic Inc. University Branch. 4985 S.W. 74 Court Miami, Florida, USA 33155. 2 greiningar.

Gjóskugreining. Dr. Karl Grönvold, Norrænu eldfjallastöðinni. 3 greiningar.

Greiningar á beinum. Sigurður Sigurðarson, dýralæknir. Tilraunastöðinni að Keldum.

Rannsóknartími:

Frá 26. júní til og með 18. júlí. 1997.

Hnitakerfi:

Eigið.

Hæðarkerfi:

Eigið (Miðað er við að járnör á rústasvæðinu sé 20 m yfir sjávarmáli og steinn á efsta hluta hólsins hjá kumlinu sé 25 m yfir sjávarmáli).

Grafinn flötur:

Á Hólmi: ca. 140 m² og ca. 140 m³.

Við kumlið ca. 25 m² og ca. 10 m³.

Geymsla gagna:

Á meðan á úrvinnslu stendur eru gripir og önnur gögn geymd hjá ábyrgðaraðila. Síðar munu gögnin verða geymd á Þjóðminjasafni og Sýslusafni A-Skaftafellssýslu fáist til þess leyfi tilskyldra aðila.

Úr dagbók

Hólmur '97.

25/6

Ekið austur, stoppað á Hvolsvelli og Njálusýningin skoðuð. Ekið til Magnúsar á Lágafelli í Austur-Landeyjum og rústir skoðaðar. Þar er Grænhóll og annar hóll (hjá Félagsheimilinu) sem eru afar forvitnilegir. (Eyðibýli af einhverju tagi).

Þá var ekið að Herjólfstöðum í Álftaveri og Gissur bóndi heimsóttur. Sýndi hann okkur hugsanlegar rústir af fornbyli og aðrar seljarústir. [Fornbylið var afar ógreinilegt og alls ekki víst að um rústir sé að ræða, hef þó séð það verra. Seljarústirnar lágu undir eyðibýli, sem fór í eyði á síðustu öld.]

Komið í Holt um miðnætti.

26/6

Undirbúningur að uppgrefti. Skúr yfirfarinn og hola tekin með skurðgröfu. Grafið var rétt niður fyrir Ö 1362 lagið. Víða komu kolabitar í ljós þar sem farið var dýpst. Nálægt vegg, eða hellum [eldstæði], fannst hamar, vel farinn. Hamar til finni smíða.

Erfitt var að sjá vegginn, þar sem hann hefði átt að koma skv. prufuholu nr. 2.

0,5 m breiður skurður var grafinn í hólnum þar sem kumlið á að vera. Ekki sáust merki um kumlið og verður haldið áfram að leita á morgun.

27/6

Hreinsað í holunni við býlið [reitur A].

Trúlega eru verksummerki Bruuns við kumlið komin í ljós. Þar er nú að finna bein, brennd og óbrennd, þar á meðal tennur. Kumlið virðist vera SV í hólnum, nokkra metra frá háhólnum.

Stóra holan [reitur A] vestan við prufuholu 2 er nú fullhreinsuð og tilbúin fyrir eiginlegan gröft. Vélgrafa hefur farið "rétt" niður, nema ef vera skyldi við hluta af veggjum. Þeir sáust þó ekki við vélavinnuna.

30/6

Ekki var kumlið þar sem beinabrotin fundust. Grafið var við steinabyrpingu til að athuga hvort það væri þar. Fannst síll (eða klæðaprjónn) í holunni (1x1 m) sem tekin var sunnan við steinabyrpinguna. Sjálf steinabyrpingin náði ekki í þennan reit.

Bæjarstæðið kúrir á leyndarmáli sínu. Hugsanlega má sjá langvegg (vestari) skálans eftir endilöngu sniði vestari svæðis [reitar A]. Hinum megin við bakkann (og prufuholu nr. 2) var grafið með vél [reitur B], en ekki lítur út fyrir að skálinn komi vel í ljós. Ef við finnum ekki langeld vandast málið.

1/7

Reitur B, eða eystri reitur, hreinsaður. Ekkert annað en koladreif, mismikil, sást í vestari hluta. Hér er ekkert hús. Þó reiturinn sé fallettur, er hann ekki gjöfull. Þó gæti eitthvað leynst við S-hluta prufuholu nr. 2?

Í reit A var hreinsað áfram og nú er sennilega komið eldstæði í NA-horninu.

Helgi M. kom í dag. Kumlið var hvílt þennan dag.

2/7

Leiðinlegt veður, kalt, blautt og vindasamt. Í reit B virðist hús vera að koma í ljós og má sjá hluta þess í reit A. Tvær stoðarholur fundust og gætu verið fornar (merkilega ferskar!). Húsið líkist jarðhýsi!

Þmislegt bendir til þess að kumlið hafi snúið A-V og að vestari hlutinn sé óskemmdur. Hefur eystri hlutinn blásið upp.

3/7

Reitur C opnaður. Ekki var farið eins langt niður með vélgröfunni og í reit A og B. Reiturinn var hreinsaður og öll snið stungin niður lóðrétt.

Kumlið er tilbúið til teikunar og byrjað var á því eftir hádegi.

Rigning og rigning og rigning...

Snið í meint kuml sýnir að eitthvað er bogið við "kumlið". Getur verið að steinar hafi verið lagðir af D. Bruun? Þeir liggja ofan á LL. [Landnámslaginu].

4/7

Hreinsað í reit A og B. Í reit B sáust greinileg skil í jarðveginum og hljóta þau að þýða mörk hússins með eldstæðinu.

7/7

Við kumlið sáust merki þess að m-lag væri í vestanverðum hólnum. Þar fundust viðarkol og mörkið bein ofarlega í holunni (2 st. Uppkast frá Bruun?) [beinið fannst í grasrótinni].

Í reit A var hreinsað og þar fundust ummerki gólfs fyrir framan eldstæðið. Nú bendir allt til þess að eldstæðið sé í horni húss.

Kljásteinn með boruðu gati frá báðum hliðum, brotinn og með X-merki skornu á annan flötinn. Steinninn fannst utan við meint hús [Hús 1] í viðarkolalagi.

Í reit B var leitað að veggjum og svo þunnir eru þeir að erfitt er að sjá ummerki þeirra með vissu. Ógreinileg litaskil benda mjög sterklega til

Þess að húsið hafi náð dálítið inn í reit B. Er ég reyndar handviss um þetta atriði eins og fram kemur 4/7.

8/7

Um morguninn unnu Agnes og Kristján við gögn varðandi kumlið, fóru í gegn um fundi og sýni, auk teikninga.

Rigning, rigning, rigning...

Aðeins var hægt að hreinsa í reit C.

Fórum að Dilksnesi að skoða m-lög og síðan að Horni til að skoða rústir (bústað og gröf/kuml?).

9/7

Rigning um morguninn. Rétt fyrir hádegi byrjuðum við að grafa í reit C. Í NA-horni reitsins komum við trúlega niður á vegg (V-langveggur??). Vestan við vegginn sáust kol á víð og dreif.

Reiturinn virðist ekki verða gjöfull.

10/7

Byrjað var á því að teikna V-snið reitar B. Syðsta hlutanum er sleppt.

Grafinn var skurður út úr NA-horni reitar C, til að ath. hvort veggjarbrotin í reitnum tilheyrðu húsi. Skurðurinn var 3 m langur og 0,5 m breiður bakki við enda hans, en þar tók við áframhald í 2 m. Báðir skurðirnir voru 1 m á breidd. Ekki virðast skurðirnir gjöfulir.

Sunnan við rannsóknarsvæðið var þúst sem gæti verið hús. Var hæll settur þar niður á X 133 Y 210. Verður 1x1 m hola grafin á morgun.

11/7

Haldið var áfram með sniðið (teikn.) í V-enda reitar B. Grafið var í meintu húsi (X 133 Y 210), 1x1 fermetri.

Ekki virðist húsið vera smiðja, eins og vonast var til. Hús er það þó líklegast. Verður látið á það reyna.

Stöð 2 kom í hádeginu.

Grafin var 1x2 m hola austan við reitina, þar sem hóllinn er hvað hæstur. Komið var niður á rauðleitt lag með kolum. Ekki var botninn kannaður nánar, heldur bíður hann næstu viku.

12/7

Í nýju holunni, sem tekin var á föstudaginn [xx], komu sterkar vísbendingar um vegg í S - endanum.

Prufuholur við kumlið voru fylltar og þeim lokað. Þar eru aðeins steinarnir sýnilegir og svo verður um hríð, eða þar til annað verður ákveðið. Hugsast getur að kumlið verði endurgert. Þá þarf að leggja alla steina niður, auk þeirra sem hafa blásið upp og liggja fyrir neðan. Síðan þarf að byggja lágan haug (mætti þó hafa steinana í miðjunni sýnilega).

Zulema Sellca Porta, eiginkona Kristjáns, kom og verður út vikuna.

Í kumlinu komu svo mikil M-lög í ljós í prufuholu að halda verður áfram þar.

Grafið var í Húsi 1. Er gólf grafið burtu, en það er lagsskipt og hallar talsvert inn í húsið. Pinnaholur sjást í gólfinu.

Í skurðinum, reit D, virðist loksins eitthvað vera að gerast. Gólf?

15/7

Ekki var það gólf í reit D, þó M-lag væri. Í skurðinum úr reit C, austast, virðist vera komin veggur.

Á kumlastæðinu eru talsvert þykk M-lög í prufuholu 1. Annaðhvort er hér hestkuml, mannskuml eða leifar eftir ferli tengdu jarðsetningu hins látna.

Dyr geta verið á Húsi 1, fast upp við N-sniðið.

Loksins virðist skálinn (Hús 3) vera fundinn. Veggurinn í holunni úr reit C er úr húsi, sem sést í barðinu. Þar er þykkt og mikið gólf (breind bein, kol, sóti). Sýni var tekið úr því.

Í prufuholu 1, við kumlastæðið, komu nokkrar pinnaholur í ljós. Slíkt er einsdæmi og hlýtur að tengjast athöfn, sem framkvæmd hefur verið við greftrun þess sem í kumlinu lá.

16-17/7

Ekki voru allar meintar pinnaholur í prufuholu 1, við kumlið, pinnaholur. Hér voru rætur trjáa? á ferðinni. Þó er ein örugg pinnahola, sem sett hefur verið niður þegar "allt" var yfirstaðið (þ.e. bygging þess, sem þarna er, var búin). Hvalbein fannst í prufuholunni! Svo virðist sem hola hafi verið tekin og hún fóðruð með kolum og einhverju sem er rautt í dag. Bein (leggur) lá í prufuholunni og tennur fundust á víð og dreif.

Í reit C virðist vera þykkt M-lag, sem er fullt af brenndum beinum, kolum og sóti. Varla er þetta gólf, þó líkt sé. Getur þetta verið öskuhaugur?

Í reit A og B er sennilega ekki meira að hafa skv. holum sem grafnar voru niður í "eld"-gömul gjóskulög (H2 eða H3?).

18/7

Hér sleppir dagbók, enda var þetta síðasti vinnudagurinn. Fór hann að mestu leyti í að ganga frá gripum, teikningum, holum, vinnuskúr og síðast en ekki síst að klára prufuholu 1 á kumlastæðinu.

Skrár og ljósmyndalistar

Teikningar	Bls. 44
Fundaskrá	Bls. 45 – 53
Sýnaskrá	Bls. 54 – 56
Ljósmyndir	Bls. 57 – 72

Teikningar**Hólmur****Bæjarstæði**

Nr.	Mælikv.	Dags	Sign.	Meginefni
1	1:100	1/7 '97	B.F.E.	Rannsóknarsv. við býðið, þó ekki við Hús nr. 2.
2	1:20/1:40	2/7 '97	B.F.E. A.S./M.A.S.	Reitur A, snið A-B sbr. teikn. nr. 4 og ofn.
3	1:40/1:10	4/7 '97	B.F.E./A.S.	Reitur B og snið í stoðarholur 1 og 2.
4	1:40	7/7 '97	B.F.E.	Rannsóknarsvæðið, reitir A, B og D, hluti af C.
5	1:20	16/7 '97	A.S.	Snið C-D og E-F í reit A.
6	1:40	17/7 '97	B.F.E.	Rannsóknarsvæðið, reitur C, D og hluti af A.


Kumlastæði

Nr.	Mælikv.	Dags	Sign.	Meginefni
1	1:50/1:20	27/6 '97	K.M.	Rannsóknarsv., og plan- og sniðteikn. í kumli. Jarðlög, funda- og sýnalisti.
2	1:20	15-16/6'97	K.M.	Prufuhola nr. 1. Snið- og planteikningar.
3	1:20/1:40	-	K.M.	Hæðarlínur yfirborðs við kumlið og í sniðum. Fram kemur hugsanleg lögun kumlsins.

Fundaskrá

Fnr.	Dags	Heiti	Efniviður
7	26.6.1997	Hamarshaus	Járn
		Mannvirki	Nr. lags
		X	Y Z
Athugasemdir	Hús 1	-	192,25 208

Hamarshausinn fannst nálægt vegg í Húsi 1, í reit A. Hann er þungur þó ryðbólgin sé. Álíka stór hamar fannst í Aðalstræti 18, úr elsta húsinu



Fnr.	Dags	Heiti	Efniviður
9	8.7.1997	Grýta	Kléberg
		Mannvirki	Nr. lags
		X	Y Z
Athugasemdir	Hús 1	-	192,6 208,66

Brotið er úr brún grýtu, sem hefur verið stór. Mikið er af sóti að utanverðu og á kafla að innanverðu. Tálguför sjást að innanverðu. Matarskán að




Fnr.	Dags	Heiti	Efniviður
11	4.7.1997	Eldsláttusteinn	Jaspis
		Mannvirki	Nr. lags
		X	Y Z
Athugasemdir	Hlað	-	190 208 19,18

Steinninn lá SV við Hús 1. Ósleginn.



Fnr.	Dags	Heiti	Efniviður
13	14.7.1997	Eldsáttusteinn	Ópall
		Mannvirki	Nr. lags
		X	Y Z
Athugasemdir	Hús 1	-	192,76 208,69 19,05

Sleginn flaga, gegnsæ með grænu skýi.




Fnr.	Dags	Heiti	Efniviður
15	14.7.1997	Eldsláttusteinn	Jaspis
		Mannvirki	Nr. lags
		X	Y Z
Athugasemdir	Hlað	-	200,64 210,82 19,26

Steinninn fannst vestan við veggjabrot (gaf?) í skurði út úr reit C. Ósleginn rauður jaspis.



Fnr.	Dags	Heiti	Efniviður
17	10.7.1997	Eldsláttusteinn	Hrafntinna
		Mannvirki	Nr. lags
		X	Y Z
Athugasemdir	Hlað	-	198,30 211,80 19,26

Steinninn er agnarsmá flís, líklega úr eldsláttusteini. Fannst í reit C þar sem skurður gengur út úr reitnum. Ekki ljósmynduð.




Fnr.	Dags	Heiti	Efniviður
8	7.7.1997	Kljásteinn	Sandsteinn
		Mannvirki	Nr. lags
		X	Y Z
Athugasemdir	Hlað	-	190,75 207,32 19,07

Kljásteinninn er úr gulleitum sandsteini og á annan flötinn er krotað X. Borað er kónískt gat í steininn frá báðum hliðum (0,5 sm í þvermál).




Fnr.	Dags	Heiti	Efniviður
10	4.7.1997	Járn (teinn-)	Járn
		Mannvirki	Nr. lags
		X	Y Z
Athugasemdir	Hús 1	-	193 206 19,13

Hugsanlega er gripurinn úr beltissylgu. Lá hann utan í vegg Húss 1. Eyddur.




Fnr.	Dags	Heiti	Efniviður
12	10.7.1997	Nagli	Járn
		Mannvirki	Nr. lags
		X	Y Z
Athugasemdir	Hlað	-	200,23 211,2 19,35

Naglinn er með vænum haus. Eyddur.




Fnr.	Dags	Heiti	Efniviður
14	14.7.1997	Skrautsteinn	Onyx
		Mannvirki	Nr. lags
		X	Y Z
Athugasemdir	Hlað	-	200,71 211,51 19,29

Steinninn fannst vestan við veggjabrot (gaf?) í skurði út úr reit C. Ósleginn, tær og hreinn.



Fnr.	Dags	Heiti	Efniviður
16	14.7.1997	Tönn	Bein
		Mannvirki	Nr. lags
		X	Y Z
Athugasemdir	Hús 1	-	193,70 208,30 19,01

Tönnin fannst í gólfi við eldstæði. Mjög illa farin. „Mylsna úr glerungi jaxls, líklega úr hrossi.“ Sigurður Sigurðarson,





Fnr.	Dags	Heiti	Efniviður
18	15.7.1997	Grýta	Kléberg
		Mannvirki	Nr. lags
		X	Y Z
Athugasemdir	Hlað	-	198,13 212,35 19,23


